


skoðun 16


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Lífið





100 prósent mæting

*Kári Viðarsson stendur fyrir tónleikum á Rifi á sunnudag með öllum íbúum þorpsins.*

FÓLK




# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
9. mars 2012
59. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Sömdu lag saman

*Helgi Björnsson og John Grant hafa nýlokið við að semja lag.*

fólk 34

## Fullveldismál í forgrunni

*Evrópumálaráðherra Danmerkur styður aðild Íslands að ESB.*

föstudagsviðtal 12



## Fullkominn leikmaður

*Lionel Messi raðar inn mörkum með Barcelona í Meistaradeildinni.*

sport 30

## veðrið í dag




**ÁFRAM ÉL** í dag verða suðvestan 8-18 m/s, hvassast við S-ströndina. Él S-og V-lands en skýjað NA-til. Hiti um frostmark.

VEÐUR 4

# Íslenskar konur búnar að ná körlunum í drykkjunni

**Hlutfall bindindiskvenna á Íslandi hefur lækkað úr 45 prósentum í fimm prósent síðan árið 1975. Lítill munur er á drykkju kynjanna hér á landi. Hlutfall kvenna á Vogi hefur hækkað mikið á síðustu árum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Hlutfall kvenna í sjúklingahópnum á Vogi hefur hækkað á síðustu árum og er nú komið upp í 37 prósent. Árið 1980 var það 20 prósent. Áfengisneysla íslenskra kvenna hefur farið vaxandi á síðasta áratug og er hlutfall karla og kvenna sem neyta aldrei áfengis nú orðið nánast jafnt, eða um fimm prósent.

Í byrjun níunda áratugarins sögðust um 45 prósent kvenna yfir fimmtugt aldrei neyta áfengis og þriðjungur á aldrinum 30 til 40 ára. Gunnar Smári Egilsson, formaður SÁÁ, segir fjölgunina greinilega.

„Það er orðinn minnsti munur á áfengisneyslu kvenna og karla á Íslandi af öllum löndum í heiminum,“ segir hann. „Það drekka nánast allir á Íslandi í dag, nema þeir sem eru þurrir.“ Gunnar Smári bendir á að þróunin hér á landi sé afar ólík sumum öðrum löndum í heiminum, og tekur þar dæmi um Rússland, Írland og Miðjarðarhafslöndin, þar sem hlutfall kvenna sem aldrei neyta áfengis sé mun hærra en hér. Varðandi mögulegar ástæður fyrir þessari þróun veltir Gunnar Smári upp spurningunni um kynjajafnrétti.

> Það hefði verið betra að fara hina leiðina, þar sem karlarnir hefðu þurft að læra að drekka eins og konur.
>
> GUNNAR SMÁRI EGILSSON
> FORMAÐUR SÁÁ

„Konur þurfa að geta gert allt eins og karlar, þar á meðal drukkið eins og þeir,“ segir hann. „Það hefði verið betra að fara hina leiðina, þar sem karlarnir hefðu þurft að læra að drekka eins og konur.“

Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, á von á því að á næstunni komi inn hópur kvenna sem enn á eftir að leita sér aðstoðar. „Það er þróun undanfarinna ára, eins og komið hefur fram hjá Lýðheilsustöð og í skýrslum okkar.“

Rafn M. Jónsson, verkefnastjóri áfengis- og vímuvarna hjá landlæknisembættinu, segir nauðsynlegt að skoða þær ástæður sem liggja að baki aukinni áfengisneyslu kvenna í samfélaginu.

„Konurnar hafa sótt á, það er alveg klárt,“ segir Rafn og bendir á að samkvæmt rannsókn Lýðheilsustöðvar frá árinu 2004 eykst hlutfall kvenna sem neyta áfengis eftir því sem þær eru betur menntaðar. „Því er öfugt farið með karla, en það má sjá jákvæð tengsl milli áfengisneyslu og menntunar kvenna í aldurshópnum 35 til 54 ára. Eftir því sem konur eru menntaðri, því meira drekka þær.“

Samkvæmt nýlegum könnunum Lýðheilsustöðvar drekka um það bil 95 prósent þjóðarinnar, hvort sem um er að ræða konur eða karla. En bindindisfólki hefur hlutfallslega fækkað hraðar meðal kvenna. **- sv**



**ÁFRAM STELPUR!** Kvennaframboðið fagnaði 30 ára afmæli sínu í gær, á alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Í tilefni þessa hélt Jafnréttisstofa málþing á Hótel KEA þar sem fjöldi kvenna úr framboðinu kom saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Hreiðar Már fyrir Landsdómi:

# Segir neyðarlögin hafa fellt Kaupþing

**LANDSDÓMUR** Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, sagði að sér blöskruðu eftiráskýringar Seðlabankamanna um að þeir hafi séð hrunið fyrir, þegar hann bar vitni fyrir Landsdómi í gær. Hreiðar sagði að stjórnvöld hefðu gert mistök þegar þau tóku Glitni yfir og að neyðarlögin hefðu orðið til þess að Kaupþing féll.

Hann sagði að til hafi staðið að flytja hluta af starfsemi Kaupþings úr landi í lok september 2008, og að lokamarkmiðið hafi verið að flytja höfuðstöðvar bankans til London.

Vitnisburður Hreiðars Más var talsvert annar en þeirra embættismanna sem hingað til hafa borið vitni fyrir Landsdómi.

**- bj, þsj /** **sjá síður 8 og 10**

Einkaaðilar samþykkja að færa skuldir niður um 17.700 milljarða króna:

# Tóku á sig afskriftir fyrir Grikki

**AÞENA, AP** Grikkland náði í gær mikilvægum áfanga í baráttunni við skuldavanda þegar lánadrottnar ríkissjóðs í einkageirunum samþykktu niðurfærslu og breytingu skulda.

Einkaaðilar, til dæmis bankar, lífeyrisjóðir og vogunarsjóðir, sem áttu samtals 177 milljarða evra inni hjá gríska ríkinu, höfðu frest til gærkvöldsins til að taka sjálfviljugir þátt í skuldbreytingingunni, sem felur í sér afskriftir á skuldum, lækkun vaxta og frestun afborgana. Skuldalækkunin er talin munu nema 107 milljörðum evra, að jafngildi 17.700 milljarða íslenskra króna.

> 17.700 milljarða íslenskra króna munu einkaaðilar taka á sig í niðurfærslu grískra skulda

Til þess að skuldbreytingin yrði að veruleika þurftu að minnsta kosti þrír fjórðu einkaaðilanna að samþykkja niðurfellingu síns hluta og sú varð raunin þó að ekki hafi legið fyrir í gærkvöldi hversu margir neituðu að taka þátt. Þetta hlutfall dugar til þess að gríska ríkið geti skuldbundið þau fyrirtæki til þátttöku.

Ekki eru þó allir á því að þessi aðgerð muni duga til, þar á meðal Peter Bofinger, aðstoðarmaður Angelu Merkel Þýskalandskanslara.

Hann segir í viðtali við Bloomberg fréttastofuna að skuldirnar verði Grikkjum áfram mjög erfiðar og næst muni önnur ríki og seðlabankar þurfa að fella niður hluta af skuldum gríska ríkisins.

„Og það þarf að gerast á næstu tólf mánuðum,“ sagði Bofinger. **- gb, þj**


**YFIR 10.000 EINSTAKLINGAR**
hafa nýtt sér legugreininguna frá okkur og fengið rúm sérsniðið að þeirra þörfum. Komdu og prófaðu og við gerum þér tilboð í heilsurúm sem hentar þér!

VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



ms.is

**26% Gouda ostur í kílóastykkjum á tilboði**




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**SPURNING DAGSINS**



*Svavar, ætlið þið í alvöru að spila keilu á sabbatsdeginum?*

„Já, við verðum að gera það enda spurning um líf og dauða.“

Svavar H. Jakobsson er annar skipuleggjenda Big Lebowski-hátíðarinnar í Keiluhöllinni á morgun sem tileinkuð er myndinni frá 1998. Í frægu atriði neitar ein persónan að spila keilu á sabbatsdeginum þar sem gyðingar skuli halda hvíldardaginn heilagan nema líf liggi við.

Tveir úraræningjanna sem sluppu til Póllands handteknir í Sviss og verða framseldir til Íslands:

# Fimm ára fangelsi fyrir rán hjá Michelsen

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær Marcin Tomasz Lech, 33 ára Pólverja, í fimm ára fangelsi fyrir aðild sína að vopnuðu ráni í verslun úrsmiðsins Franks Michelsen í október í fyrra.

Þrír félagar Lechs ruddust inn í verslunina að morgni 17. október, ógnuðu starfsfólki með eftirlíkingum af skammbyssum og höfðu á brott með sér 49 rándýr úr. Mennirnir þrír flúðu svo úr landi.

Tveir þeirra voru handteknir í Sviss í síðasta mánuði, að því er fram kom í fréttum RÚV í gær, á grundvelli handtökuskipunar sem íslensk lögregluyfirvöld höfðu gefið út. Svissnesk yfirvöld munu framselja þá til Íslands og verður þá réttað yfir þeim hér vegna málsins.

Hlutverk Lechs var að flytja bíl til landsins með Norrænu, sem úrin voru síðan falin í. Til stóð að hann mundi síðan koma bílnum aftur úr landi með Norrænu.

Dómurinn metur þátt Lechs í ráninu jafnan þætti hinna, jafnvel þótt hann hafi ekki sjálfur ruðst inn í verslunina, enda hafi hann tekið þátt í skipulagningunni frá upphafi til enda. Hann hefur sætt gæsluvarðhaldi frá því nokkrum dögum eftir ránið og kemur sú vist til frádráttar dómnum.

Lech er dæmdur til að greiða Vátryggingafélagi Íslands, sem tryggði úrin, rúmar fjórtán milljónir króna í bætur fyrir tjón sem varð á úrunum. Þá er bíllinn sem hann kom á til landsins, Audi A8, gerður upptækur. - sh



**JÁTAÐI** Marcin Tomasz Lech játaði sök. Hann sagði að upphaflega hafi staðið til að brjótast inn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ekkjur bin Ladens ákærðar:

## Sagðar ólöglegir innflytjendur

**PAKISTAN, AP Þrjár ekkjur hryðjuverkaleiðtogans Osama bin Laden hafa verið ákærðar í Pakistan. Þarlend stjórnvöld segja þær um að hafa komið ólöglega til landsins.**



OSAMA BIN LADEN

**Konurnar þrjár hafa verið í gæsluvarðhaldi í Pakistan síðan í maí á síðasta ári, eða frá því að bandarískir landgönguliðar réðust inn í hús bin Ladens og drápu hann. Þeir fóru síðan með líkið út á sjó og sökktu því.**

**Óljóst er um réttarstöðu ekknanna í Pakistan og ekki einu sinni vitað hvort þær hafa lögmann.** - gb

Minnihlutinn í borgarráði:

## Biðja um úttekt á sölu eigna OR

**REYKJAVÍK** Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna óskuðu eftir því á fundi borgarráðs í gær að innri endurskoðandi og borgarlögmaður fari yfir söluferli vegna eignarhluta Orkuveitu Reykjavíkur (OR) í Enex Kína og Envent Holding.

Í tilkynningu segir að ástæða þess að óskað hafi verið eftir úttektinni sé að staðfest hafi verið að OR hafi selt eignarhluti í félögunum „án auglýsingar og eðlilegra upplýsinga til stjórnarmanna í Orkuveitunni“.

Einnig er óskað eftir því að upplýst verði hvort ásættanlegt verð hafi fengist fyrir eignirnar. - þj

# Varðstjóri berst gegn hindrunum á Dalvegi

**Aðalvarðstjóri segir áformaðar breytingar á Dalvegi munu hindra lögregluna og ógna öryggi borgaranna. Bæjarstjórinn í Kópavogi segist undrandi og biður um að sjá gögn sem „sérfræðingar séu væntanlega búnir að vinna fyrir lögregluna“.**

**SKIPULAGSMÁL** Gylfi Sigurðsson aðalvarðstjóri segir áætlaða breytingu á skipulagi umferðar á Dalvegi í Kópavogi munu hindra starf lögreglunnar og stofna öryggi fólks í hættu.

Gylfi mætti á síðasta fund umhverfis- og samgöngunefndar Kópavogs og lagði þar fram bókun. Í henni undirstrikar Gylfi að lögreglan verði að eiga greiða og óhefta leið frá starfsstöð sinni. Lögreglustöð og sýslumannsskrifstofa er á Dalvegi 18. Þangað er Pósturinn einnig nýfluttur með afgreiðslu.

Ætlunin er að gera tvö hringtorg á Dalvegi, nokkuð ofan og neðan við lögreglustöðina. Jafnframt á að aðskilja akreinar götunnar með umferðareyju.

„Ef við erum að fara í útkall í átt að Smáratorgi getum við ekki lengur tekið vinstri beygju niður Dalveginn heldur þurfum fyrst upp að hringtorginu og snúa þar við,“ útskýrir Gylfi. „Hver sekúnda skiptir máli og það getur verið lífsspursmál að bæta ekki þessum krók við leiðina. Þess utan er forgangsakstur hættulegur og ástæðulaust að lengja hann.“

Á þessu hnykkir Gylfi í áðurnefndri bókun. „Með því að loka með einhverjum hætti útakstri lögreglu er verið að stefna öryggi bæjarbúa í hættu,“ fullyrðir hann.

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir innihald bréfs Gylfa koma bæjaryfirvöldum í opna skjöldu. „Það kemur okkur á óvart að fyrstu viðbrögð lögreglunnar skuli birtast í þessari bókun með svo afgerandi hætti. Það er greinilegt á þessu að umferðarsérfræðingum bæjarins ber ekki saman við umferðarsérfræðinga lögreglunnar,“ segir hann.

Samgöngunefndin frestaði afgreiðslu umferðarskipulagsins á Dalvegi á fyrrnefndum fundi. Ármann segir að funda verði með hlutaðeigandi og óskað eftir þeim gögnum sem sérfræðingar séu væntanlega búnir að vinna fyrir lögregluna.

Að sögn Ármanns voru markmiðin með breytingum á Dalvegi þríþætt. „Í fyrsta lagi að auka umferðaröryggi með því að draga úr hraða og fækka krossgatnamótum á Dalveginum. Í öðru lagi auka umferðarflæði á svæðinu og í þriðja lagi að draga úr hljóðmengun,“ segir bæjarstjórinn sem kveður málið verða skoðað með ítarlegri hætti þegar frekari upplýsingar frá lögreglu liggi fyrir.

„Í neyðarakstri liggur sérfræðikunnátta lögreglunnar. Það er nú bara almenn skynsemi að við slíkan akstur þarf leiðin að vera óheft,“ svarar aðalvarðstjórinn.

gar@frettabladid.is

**Áformaðar breytingar á Dalvegi**




**BREYTINGAR Á DALVEGI** Hér sést hvernig koma á fyrir tveimur hringtorgum og loka á milli akreina einmitt þar sem lögreglan hefur nú útakstur á Dalveg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tvö ár í fangelsi fyrir brennu:

## Kveikti í bensínblautum sófa

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness hefur dæmt hálfþrítuga konu í tveggja ára fangelsi fyrir að kveikja í sófa í íbúð í Hafnarfirði.

Konan var að eigin sögn „kafdópuð“ þegar kviknaði í húsinu. Hún neitaði sök og bar við að um óhapp hefði verið ræða en það fékk enga stoð í rannsókn sérfræðinga.

Hins vegar þykir sýnt að hún hafi strax eftir íkveikjuna séð að sér og reynt hvað hún gat til að slökkva eldinn, án árangurs. Þá er hún nú komin í stranga meðferð við fíkn sinni. Í þessu ljósi þótti dómnum rétt að skilorðsbinda 22 mánuði refsingarinnar. - sh

Sýnt verði úr Landsdómi:

## Vilja fá útlendinga fyrir dóm

**DÓMSMÁL** InDefence-hópurinn telur eðlilegast að almenningur fái beinan aðgang að landsdómsréttarhöldunum í gegnum ljósvakamiðla og aðgang að málsskjölum eða afriti af vitnisburði vitna. Í tilkynningu samtakanna er skorað á Landsdóm að ráða bót á þessu tafarlaust.

Bent er á að að ýmis atriði Icesave-málsins reyni nú fyrir Landsdómi, en hópurinn telur á skorta að til vitnis séu kallaðir erlendir málsaðilar. Þar á meðal eru nefndir Alistair Darling, fyrrverandi fjármálaráðherra Breta, Hector Sants, forstjóri breska fjármálaeftirlitsins, og Mervyn King, seðlabankastjóri Englandsbanka. - óká

**ÞÝSKALAND**

### Hitler enn bannaður

Dómstóll í München hefur bannað bresku bókaforlagi að gefa út útdrætti úr bók Adolfs Hitlers, Mein Kampf, í þýsku fræðitímariti. Bæjaraland á útgáfuréttinn á bókinni út árið 2015 og hefur komið í veg fyrir útgáfu verksins í Þýskalandi síðan.




Barnfóstra Baracks Obama Bandaríkjaforseta nýtur síðbúinnar athygli:

# Lét Barry aldrei sjá sig í kjól

**INDONESÍA, AP** Evie, fyrrverandi barnfóstra Barack Obama forseta Bandaríkjanna, er hrærð yfir því að hafa skotist upp á stjörnuhiminninn, en hún býr í fátækrahverfi í Jakarta. Sjónvarpslið marserar nú inn og út úr litla hjallinum hennar. Fjarskyldir ættingjar sem aldrei hafa virt hana viðlits vilja loksins hitta Evie og henni hefur meira að segja verið boðin mannsæmandi vinna.

Evie er 66 ára og fæddist karlmaður en telur sig kvenmann. Hún vakti athygli eftir að viðtal birtist nýlega við hana um baráttu transfólks í blaðinu The Associated Press. Athyglin er einkum vegna tengsla hennar við Bandaríkjaforseta.

Hún passaði „Barry“ árið 1969 þegar hann var átta ára og vann á heimili hans sem karlmaður. Evie segist aldrei hafa látið hinn unga Barry sjá sig í kvenmannsfötum.

Þegar hún hafði verið beitt ofbeldi í mörg ár fyrir að klæðast kvenfatnaði fannst henni vænlegra að falla inn í fjöldann. Hún hætti því að klæðast sem kona. Eftir að Evie missti vinnuna hjá fjölskyldu Obama dró hún fram lífið með því að handþvo föt fyrir fólk.

„Ég geri mér grein fyrir að athyglin mun ekki endast lengi,“ segir hún. „En ég held að saga mín muni opna augu fólks þannig að það muni virða okkur meira.“ -gs



**EVIE Í HÓPI NÁGRANNA SINNA** Telur sögu sína auka víðsýni fólks um kynferði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Landsbankinn hjálpar fyrirtæki þínu að vaxa

**Landsbankinn veitir fyrirtækjum** víðtæka þjónustu og ráðgjöf um allt land. Hjá okkur geta stærstu fyrirtæki landsins jafnt sem þau smæstu fengið alhliða fjármálaþjónustu og greiðan aðgang að faglegri ráðgjöf.

Þarfir fyrirtækja breytast og þróast með tímanum. Landsbankinn getur veitt þínu fyrirtæki alhliða fjármálaþjónustu og hjálpað því að takast á við ný verkefni og breytilegar aðstæður.

Hvort sem það er fjármögnun, ávöxtun lausafjár, fjölbreyttar kortalausnir eða metnaðarfullur netbanki beintengdur við bókhald, þá er Landsbankinn til þjónustu reiðubúinn.



**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

## GENGIÐ 08.03.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,96 | 125,56 |
| Sterlingspund | 197,46 | 198,42 |
| Evra | 165,03 | 165,95 |
| Dönsk króna | 22,194 | 22,324 |
| Norsk króna | 22,238 | 22,368 |
| Sænsk króna | 18,528 | 18,636 |
| Japanskt jen | 1,5332 | 1,5422 |
| SDR | 192,68 | 193,82 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

226,9925

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Frumvarp um breytingu á úthlutun tollkvóta:

# Magntollar en ekki verðtollar

**LANDBÚNAÐUR** Landbúnaðarráðherra verður skylt að úthluta tollkvótum fyrir landbúnaðarvörur þegar sýnt þykir að ekki verði nægjanlegt framboð á viðkomandi vöru á innanlandsmarkaði. Miða á við magntolla við úthlutun en ekki verðtolla.

Þetta er meðal þess sem lagt er til í frumvarpi um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og tollalögum.

Lagðar eru til breytingar sem fela í sér að ekki verði lengur um að ræða framsal á valdi Alþingis til ráðherra til að ákveða toll á vörur sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum, heldur mun tollurinn ákvarðast á grundvelli hlutlægra viðmiða sem kveðið er á um í lögunum.


STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Í áliti umboðsmanns Alþingis frá því síðastliðið sumar var bent á að þær heimildir sem landbúnaðarráðherra væru veittar til álagningar tolla væru ekki í samræmi við kröfur um skattlagningarheimildir samkvæmt stjórnarskrá. Með frumvarpinu er reynt að bregðast við athugasemdum umboðsmanns.

Steingrímur J. Sigfússon landbúnaðarráðherra sagði þegar hann mælti fyrir frumvarpinu að stefnt væri að því að tryggja ákveðna verðsamkeppni á markaði með því að tryggja að vara væri ávallt fáanleg frá fleiri en einum framleiðanda. - ibs

71.600 gistinætur í janúar:

# Hótelgestum fjölgar milli ára

**FERÐAIÐNAÐUR** Gistinóttum á hótelum fjölgaði um 34 prósent í janúar, miðað við janúar 2011.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru gistinæturnar 71.600 samanborið við 53.600 í janúar 2011. „Gistinætur erlendra gesta voru um 81 prósent af heildarfjölda gistinátta," segir á vef Hagstofunnar. Gistinóttum útlendinga fjölgaði um 37 prósent milli janúarmánuða, en Íslendinga um 21 prósent.

Mest aukning milli ára varð á Norður- og Suðurlandi. - óká

Herferð gegn Kony á netinu:

# Myndband vekur athygli

**ÚGANDA, AP** Myndband um voðaverk Josephs Kony, leiðtoga glæpasamtaka í Úganda, hefur hlotið mikla athygli á Youtube.

Kony er leiðtogi samtaka sem hann kallar Frelsisher Drottins og segist vera talsmaður Guðs á jörðu. Hann fær liðsmenn sína meðal annars til þess að ræna börnum, sem þeir síðan nauðga og neyða til að taka þátt í ofbeldisverkum.


JOSEPH KONY

„Kony er ófreskja. Hann á skilið að vera dreginn fyrir dóm og síðan hengdur," segir Felix Kulayigye, talsmaður stjórnarhers Úganda.

Hann segir að á síðustu árum hafi hernum reyndar tekist að draga mjög úr styrk Konys og manna hans. - gb

Fara yfir upptökur myndavéla:

# Hópnauðgun enn í rannsókn

**LÖGREGLUMÁL Lögregla leitar enn hóps manna sem réðust á 16 ára stúlku í húsasundi í miðbæ Reykjavíkur um þarsíðustu helgi. Einn nauðgaði stúlkunni á meðan hinir stóðu hjá.**

**Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir rannsókn málsins halda áfram. „Við höfum verið að safna upplýsingum úr öryggismyndavélum. Utan um það höfum við náð og erum að fara yfir gögnin til þess að átta okkur á röð atburða."** - óká

# Ekki fleiri leitað til Stígamóta í átján ár

**Átján leituðu til Stígamóta vegna hópnauðgana í fyrra. Gerendur voru í þremur tilvikum fjórir eða fleiri. Ný mál voru 313 talsins og fleiri hafa ekki leitað til samtakanna síðan árið 1994. 50 manns eru í viðtölum þar vegna vændis og kláms.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Átján leituðu til Stígamóta vegna hópnauðgana á síðasta ári og átta vegna lyfjanauðgana. Þetta kemur fram í ársskýrslu Stígamóta.

Þrettán prósentum fleiri leituðu í fyrsta sinn til samtakanna í fyrra en árið þar áður. Leita þarf aftur til fyrstu ára Stígamóta til að finna hærri komutölur. Guðrún Jónsdóttir talskona bendir á að á fyrstu árunum hafi engin önnur úrræði verið komin til sögunnar auk þess sem uppsafnaður fjöldi hafi leitað þangað fyrstu árin.

Konur eru í miklum meirihluta þeirra sem leita til Stígamóta en hlutur karla eykst þó. 11,5 prósent þeirra sem komu í viðtal í fyrra voru karlar. Tæp 94 prósent þeirra sem höfðu beitt þessa einstaklinga ofbeldi voru karlar.

Rúmlega helmingur einstaklinga sem kom í viðtal var á aldrinum 18 til 29 ára, en um 60 prósent þeirra sögðu ofbeldi gegn þeim hafa hafist á aldrinum fimm til sautján ára. Þar af hafði ofbeldi gagnvart 35 prósentum hafist þegar viðkomandi voru fimm til tíu ára. „Tölurnar sýna að við erum að hitta ungt fólk þar sem ofbeldið byrjaði snemma," segir Guðrún.

Gerendur eru líka ungir og algengast var að þeir væru á aldrinum 18 til 29 ára. Fimmtungur þeirra er undir lögaldri. „Kynferðisbrotamenn byrja ferilinn ungir, sláandi ungir," segir Guðrún og bætir því við að yngri menn beiti grófara ofbeldi.

Hópnauðganir hafa færst í aukana og segir Guðrún að það tengist gengjamyndun og skipulagðri glæpastarfsemi. Í fyrra var tilkynnt um 18 hópnauðganir. Í sex tilvikum voru ofbeldismennirnir tveir, í tveimur tilvikum þrír og í þremur tilvikum voru ofbeldismennirnir fjórir eða fleiri. Upplýsingar vantaði um fjölda gerenda í sjö tilfellum.

Ríflega ellefu prósent kærðu mál sín til lögreglu.

thorunn@frettabladid.is


**ÁRSSKÝRSLA KYNNT** Ársskýrsla Stígamóta kynnt í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

## Fleiri koma vegna kláms og vændis

23 leituðu til Stígamóta vegna kláms í fyrra, 21 kona og tveir karlar. Það eru tíu fleiri en árið áður. Sumir leituðu sér hjálpar vegna klámnotkunar sambýlismanna á meðan aðrir einstaklingar höfðu orðið fyrir því að af þeim höfðu verið teknar myndir í kynlífsathöfnum, án eða með vilja þeirra. Myndunum var síðan dreift eða þeim hótað að það yrði gert.

Ellefu konur og einn karl komu til Stígamóta vegna vændis í fyrra auk þess sem fimmtán til viðbótar höfðu hafið viðtöl áður. Guðrún segir að upplýsingar um vændi komi oft ekki í ljós fyrr en fólk hafi komið í viðtöl í fimm eða tíu skipti þar sem langan tíma taki að vinna úr reynslunni. Um 50 manns eru því hjá Stígamótum vegna kláms og vændis. Stígamót opnuðu vændisathvarf í september í fyrra þar sem herbergi eru fyrir fimm konur. Fram í árslok 2011 dvöldu þar fimm konur og tvö börn og gistinætur voru 127.

Aðstoðarráðherra hættir:

# Gengur til liðs við uppreisnina

**SÝRLAND, AP Abdo Husameddine, aðstoðarolíumálaráðherra Sýrlands, skýrði í gær frá því í myndbandi á netinu að hann væri genginn til liðs við uppreisnarmenn.**

**Hann er hæst setti liðsmaður Bashar al-Assads forseta sem snýr við blaðinu frá því uppreisnin gegn Assad hófst fyrir um það bil ári.**


ABDO HUSAMEDDINE

**„Ég vil ekki ljúka lífi mínu í þjónustu við glæpi þessarar stjórnar," sagði hann í myndbandi á Youtube, og virtist síðan ávarpa Assad forseta beint: „Þú hefur í heilt ár íþyngt þeim, sem þú kallar þjóð þína, með sorg og þjáningu, neitað þeim um grundvallarréttindi til lífs og mannúðar og ýtt þessu landi fram á brún hyldýpis."** - gb

Metfjöldi ferðamanna í febrúar:

# Árið byrjar vel í ferðaþjónustu

**FERÐAÞJÓNUSTA** Rétt tæplega 28 þúsund erlendir ferðamenn fóru frá landinu um Leifsstöð í febrúar. Voru þeir ríflega 22 prósentum fleiri en í febrúar í fyrra sem þó var metmánuður. Hafa því 54.100 erlendir ferðamenn yfirgefið landið á fyrstu tveimur mánuðum ársins samanborið við 45.100 á sama tímabili í fyrra.

Ferðamönnum frá Bretlandi hefur fjölgað mest eða um 54 prósent á fyrstu tveimur mánuðum ársins miðað við árið í fyrra. Þá hefur ferðamönnum frá Norður-Ameríku fjölgað um 30 prósent. - mþl






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**HELGARSPÁIN**

Það hvessir upp úr hádegi á morgun með slyddu og síðan rigningu um sunnan- og vestanvert landið. Hvassast verður á vesturhelmingi landsins. Dregur úr vindi og úrkomu síðdegis á sunnudag og kólnar smám saman.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Basel | 9° |
| Berlín | 8° |
| Billund | 9° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 13° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 12° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 6° |
| París | 13° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

## Sérstakur á alla vegu

# RAV4 SPECIAL EDITION




special edition

Við kynnum hinn sívinsæla RAV4 í nýrri viðhafnarútgáfu. RAV4 Special Edition býr ekki aðeins yfir öllum þeim kostum sem íslenskir ökumenn hafa kynnst í innanbæjar- og utanbæjarakstri á RAV4 í fjölda ára. Hann er jafnframt einstaklega vel útbúinn jepplingur og gerir drjúgum meira en að uppfylla kröfur þeirra sem vilja upplifa eitthvað alveg sérstakt. Með Rav4 Special Edition fylgir þessi aukabúnaður:

- Toyota Touch
- Bakkmyndavél
- Dráttarbeisli
- Heilsársdekk
- Bluetooth
- Lyklalaust aðgengi
- Húddhlíf
- Aurhlíf
- Gluggavindhlífar

5 ÁRA ÁBYRGÐ

TOYOTA TOUCH

**Toyota Kópavogi**
Nýbýlavegi 4
Kópavogi
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú ánægð(ur) með þá tónlistarviðburði sem hafa verið í boði í Hörpu til þessa?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 51,2% |
| NEI | 48,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú áhyggjur af umsvifum glæpagengja á Íslandi?*

Segðu þína skoðun inni á Vísi.is

Fyrrverandi framkvæmdastjóri VSP fær tveggja ára fangelsisdóm fyrir umfangsmikinn blekkingarleik:

# Dæmdur í fangelsi fyrir mislukkaða svikamyllu

**DÓMSMÁL** Viggó Þórir Þórisson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Verðbréfaþjónustu Sparisjóðanna (VSP), var í Héraðsdómi Reykjaness í gær dæmdur í tveggja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir tilraun til fjársvika. Hann var sýknaður af ákæru um stórfelld umboðssvik.

Málið hefur verið til rannsóknar frá árinu 2007 og sætti Viggó meðal annars farbanni vegna þess í 23 mánuði, lengur en nokkur annar hefur gert á Íslandi.

Málið tengist erlendu félagi sem kallast Napis og Viggó var talinn eiga, þótt hann hafi sjálfur fullyrt að það væri í eigu vinar hans. Brot hans var talið felast í útgáfu tilhæfulausrar ábyrgðaryfirlýsingar upp á 200 milljónir Bandaríkjadala. Ef viðskiptafléttan hefði gengið upp hefði Napis hagnast verulega.

Saksóknari hafði krafðist fjögurra ára fangelsisdóms yfir Viggó og sagði við meðferð málsins að um alþjóðlega svikamyllu hefði verið að ræða.

Niðurstaða héraðsdóms er sú að brotavilji Viggós hafi verið einbeittur og að um afar háar fjárhæðir hafi verið að tefla. Til þess beri að líta við ákvörðun refsingar. Þá hafi verknaðurinn leitt til þess að starfsemi VSP fór í þrot.

Á hinn bóginn sé til þess að líta að tilraunir Viggós til blekkinga hafi verið mjög veikburða og ósannfærandi í ljósi þess að þær beindust að fagfjárfestum og bankastofnunum.

Dráttur málsins þykir réttlætanlegur í ljósi þess hversu umfangsmikil rannsóknin var. Afla þurfti gagna víða um heim og taka skýrslur af vitnum í þremur löndum auk þess sem Viggó var ekki að öllu leyti samvinnufús við rannsóknina. **- sh**



**FLÓKIÐ MÁL** Héraðsdómur Reykjaness telur drátt málsins réttlætanlegan.




Nadchodza wakacje
–zaplanuj je z nami

Bezposrednie loty do Warszawy, Krakowa, Wilna i Pragi latem 2012 w atrakcyjnej cenie.



Marta Nasz pracownik mowiacy po polsku i caly dzial obslugi klienta Iceland Express jest zawsze gotowy pomoc.

**Zapoznaj sie z nasza oferta !**

Cena od
25.900 kr.

W jedna strone z oplatami lotniskowymi i podatkami

Iceland Express

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is





BYLGJAN 989

Sprengisandur
kraftmikill þjóðmálaþáttur

Sigurjón M. Egilsson
stýrir Sprengisandi
á sunnudagsmorgnum kl. 10–12


# Helmingur þarf að fjölga konum í stjórn

**Einsleitar stjórnir stuðluðu að efnahagshruninu hér, að mati forstjóra Kauphallarinnar. 190 konur vantar í stjórnir 285 fyrirtækja til þess að uppfylla lög um kynjakvóta sem taka gildi á næsta ári. 45 prósent uppfylla skilyrði.**

**VIÐSKIPTI** Rúmur helmingur fyrirtækja sem falla undir ný lög um kynjahlutfall í stjórnum, eða 55 prósent, þarf að bæta við konu eða konum í stjórn. Alls falla 285 fyrirtæki undir löggjöfina sem tekur gildi í september á næsta ári. Þetta kom fram á fundi sem Samtök atvinnulífsins, Viðskiptaráð Íslands, Félag kvenna í atvinnurekstri, Kauphöllin, Samtök verslunar- og þjónustu og efnahags- og viðskiptaráðuneytið stóðu fyrir í gær.

Fram kom að alls vantar 192 konur í stjórnir til að jafna kynjahlutföll þeirra, en á fundinum lagði Félag kvenna í atvinnurekstri fram lista með tengiliðaupplýsingum 190 kvenna sem bjóða fram krafta sína.

Í opnunarræðu sinni á fundinum hafði Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, sérstaklega orð á þeim tíðindum að Samtök atvinnulífsins hafi tilnefnt 14 stjórnarmenn til setu í stjórnum átta lífeyrissjóða til næstu tveggja ára og að þar af væru 10 konur.

Ísland er með fyrstu löndum sem fylgja fordæmi Norðmanna með lagasetningu um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja. Taldi ráðherra víst að víðtæk sátt yrði um þessa tilhögun. „Í fyrsta lagi er þetta sjálfsagt og eðlilegur hlutur í samfélaginu eins og við viljum hafa það. Um þetta ætti hvorki að þurfa að rökræða né rífast,“ sagði Steingrímur, og benti á að rannsóknir sýndu að fyrirtækjum með fjölbreyttar stjórnir og jöfn kynjahlutföll farnist betur en öðrum.

Í svipaðan streng tók Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar. Hann sagði því auðsvarað hvað hafi orðið verðbréfamarkaði hér að falli: einsleitni og slæmir stjórnarhættir. „Þetta varð til þess að margir féllu á sama tíma. Með meiri fyrirhyggju hefðu fjármálafyrirtækin getað staðið af sér fjármálakreppuna.“

Lið í því að bæta stjórnarhætti og losna úr viðjum kunningjasamfélagsins sagði Páll vera að auka hlutfall kvenna, og þar með fjölbreytnina, í stjórnum fyrirtækja.

Um leið sagði hann það þó enga tryggingu fyrir velgengni og benti á að kynjahlutföll hafi verið þau sömu í stjórnum fyrirtækjanna sem best komu út úr hruninu og þeirra sem urðu verst úti.

„Ég held það væri vel til fundið af fyrirtækjum að láta gera úttekt á sínum stjórnarháttum. En lykilatriðið er samt vakandi fjárfestar. Fjárfestar sem láta sig stjórnarhætti fyrirtækja varða,“ sagði Páll.

**olikr@frettabladid.is**



**SPJALL FYRIR FUND** Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, og Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, stinga saman nefjum við upphaf morgunverðarráðstefnu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Stjórnarhættir Stefnis til fyrirmyndar

Fjármálafyrirtækið Stefnir, sem er í eigu Arion banka, er fyrsta fyrirtækið til að ljúka formlegu úttektarferli á stjórnarháttum fyrirtækja. Ferlið var sett á laggirnar á fyrri hluta árs 2011 með samstarfssamningi Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins, NASDAQ OMX Iceland og Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti við Háskóla Íslands. „Stefnir hf. lauk úttektarferlinu í febrúar á þessu ári, en það var KPMG sem annaðist hlutverk úttektaraðila,“ segir í umfjöllun Viðskiptaráðs, en greint var frá áfanganum á ráðstefnu um góða stjórnarhætti sem fram fór á Hilton Reykjavík Nordica í gærmorgun. „Að mati Rannsóknarmiðstöðvarinnar stóðst Stefnir hf. úttektarferlið og telst því fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum.“





Safnaðu mottu og áheitum á www.mottumars.is

Arion banki vodafone wow


Canon IXUS 115
Verð 32.900 kr.
8GB minniskort fylgir
Lenovo spjaldtölva
Verð 109.900 kr.
Sony HD upptökuvél með 2,7" snertiskjá
Verð 84.990 kr.
Lexar 32GB minnislykill, útdraganlegur
Verð 8.990 kr.
UCube tölvuhátalarar USB
Verð 19.900 kr.
GRÆJAÐU ÞIG FYRIR FRAMTÍÐINA
Úrval fermingargjafa sem endast
Framúrskarandi fermingargjafir frá Sony, Bose, Lenovo, Canon og fleiri heimsþekktum framleiðendum. Komdu í verslun Nýherja eða á netverslun.is og við aðstoðum þig við að finna fermingargjöf sem dugar til framtíðar.
Canon Powershot A2200
Verð 21.900 kr.
4GB minniskort fylgir
Canon EOS 600D með 18–55mm linsu
Verð 159.900 kr.
Gjafabréf á Canon EOS grunnnámskeið og 8GB minniskort fylgja
Bose AE2 heyrnartól
Verð 21.900 kr.
Bose Companion 2 II tölvuhátalarar
Verð 21.900 kr.
Sony hljómtækjastæða fyrir iPod/iPhone, CD og útvarp
Verð 49.990 kr.
Canon SONY BOSE lenovo
NÝHERJI
BETRI LAUSNIR
Nýherji hf. Sími 569 7700 Borgartúni 37 Akureyri netverslun.is

Geir H. Haarde fyrir Landsdómi – dagur 4

# FME hefði þurft að hafa 500 starfsmenn

**Fjármálaeftirlitið treysti ársreikningum bankanna, stækkaði ekki nógu hratt í samanburði við bankakerfið og taldi sig hafa tíma fram á vormánuði 2009 til að bregðast við væntanlegu áfalli í fjármálakerfinu.**

Jónas Fr. Jónsson, fyrrum forstjóri Fjármálaeftirlitsins (FME), taldi það ekki hafa stækkað nógu hratt í samanburði við bankakerfið. Hann taldi eftirlitið vera komið á byrjunarpunkt á árinu 2008. Þetta kom fram í vitnaleiðslum yfir honum fyrir Landsdómi í gær. Sigríður Friðjónsdóttir saksóknari spurði Jónas hvort FME hefði verið nægilega öflugt til að sinna því starfi sem það átti að sinna. Hann svaraði því til að ef miðað væri við stærð FME í dag, og sú stærð sett í hlutfallslegt samhengi við stærð bankakerfisins á árinu 2008, þá hefðu starfsmenn þess þurft að vera um 500 talsins. Þegar Jónas hóf störf hjá FME síðsumars 2005 voru starfsmenn eftirlitsins um 30 talsins og starfsmannavelta var geysileg. Hann hafi ákveðið að reyna að byggja upp, reyna að fá aukið fjármagn, bæta aðstöðu og kjör. Smám saman hafi FME stækkað, en ekki nógu hratt. Á árinu 2008 hafi honum fundist þeir vera komnir „á svona byrjunarpunkt."

**Treysti ársreikningum**

Spurður hvort hann hafi talið allt með felldu „bak við tjöld bankanna" sagðist Jónas hafa treyst ársreikningum þeirra sem lagðir voru fram. Jónas sagði að það hefðu reglulega farið gögn á milli Seðlabankans og FME og fundir verið haldnir þar sem rædd var lausafjárstaða bankanna og áhyggjur af henni, en Seðlabankinn hafði eftirlit með henni.

Andri Árnason, lögmaður Geirs, spurði Jónas hvort það hefði verið sérstaklega greint af FME þegar stór erlend lán, meðal annars til Ólafs Ólafssonar og Milestone, voru endurfjármögnuð af íslenskum bönkum í byrjun árs 2008. Um var að ræða lán upp á tugi milljarða króna. Jónas sagðist ekki muna eftir því að svo hafi verið.

Að sögn Jónasar var hinn margræddi samráðshópur um fjármálastöðugleika, sem hann sat í, fyrst og fremst upplýsinga- og samráðshópur. Geir H. Haarde hafi ekki haft neinar valdheimildir yfir hópnum og hann vann ekki sérstakar aðgerða- eða viðbragðsáætlanir. Það hafi þó bæði FME og Seðlabankinn gert.

**Vann drög að neyðarlögunum**

Jónas sagði að hann hefði látið taka saman drög að því sem á endanum varð grunnur að neyðarlögunum snemma árs 2006. Það hafi verið gert í framhaldi af greinargerð þar sem skýrt kom fram að það skorti á úrræði um inngrip í fjármálastofnanir. Frumvarpsdrögin voru þó aldrei lögð fram og sett á hilluna. Á vettvangi samráðshópsins hafi síðan verið farið að útfæra þá vinnu enn frekar sumarið 2008.

Ýmislegt annað hafi verið notað, til dæmis skýrsla fjármálakreppufræðingsins Andrew Gracie, um stöðu bankanna og hugsanlegt hrun í október 2008, og breskt frumvarp sem fjallaði um mögulegar aðgerðir við fjármálaáfalli. Jónas sagði engar athugasemdir hafa verið gerðar varðandi verkstjórn í samráðshópnum. Hópurinn hafi einnig talið sig hafa ágætan tíma til að bregðast við. Hann taldi ekki að um bráða hættu væri að ræða heldur að hætta gæti skapast undir vor eða sumar 2009 þegar stórir gjalddagar voru hjá íslensku bönkunum. Síðan harðnaði alþjóðakrísan haustið 2008 með falli Lehman og hættan verður bráð. Þetta ferli hafi endað með hruninu í október 2008.

**Kerfið minnkaði um sjö prósent**

Sigríður Friðjóndóttir saksóknari spurði Jónas um hvað FME hafi reynt að gera á árinu 2008 til að minnka stærð bankakerfisins. Hann svaraði því til að það hefði verið erfitt að minnka efnahagsreikning þeirra með eignasölu. Stórum áfanga hafi þó verið náð þegar Kaupþing hætti við að kaupa hollenska bankann NIBC í upphafi árs 2008. Þau kaup hefðu stækkað Kaupþing um 40%. „Mér sýnist á fjölmiðlum að að minnsta kosti þrír hafi eignað sér heiðurinn af því," sagði Jónas og vísar þar til annarra vitnisburða sem fram hafa komið fyrir Landsdómi.

Jónas benti líka á að efnahagur bankanna hafði minnkað um 7% í evrum talið á árinu 2008, enda krónan fallið skarpt. Frekari minnkun eða sala eigna hefði sent neikvæð skilaboð og ekki náð því fram sem stefnt væri að.



**FORSTJÓRINN** Jónas benti á að efnahagur bankanna minnkaði um 7% í evrum talið á árinu 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Auk þess hafi ekki verið til staðar neinar vald- eða lagaheimildir til að þvinga banka til að selja eignir eða flytja úr landi.

Eiríkur Tómasson, dómari við Landsdóm, spurði Jónas að lokum hvort það hafi aldrei komið til tals hjá FME eða Seðlabankanum að beita sér með einhverjum hætti til að draga úr eða stöðva innlánasöfnun á Icesave-reikninga. Jónas sagði það vissulega hafa verið möguleika að auka til dæmis bindiskyldu og herða kröfur um lausafjárkröfur vegna þessara innlánasöfnunar, en að það hefðu verið stjórntæki Seðlabankans, ekki FME.




**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@fréttabladid.is




**VITNI** Jón Þór var aðstoðarmaður viðskiptaráðherra í aðdraganda hrunsins.

## Vildi leyfa bönkunum að gera upp í evrum

Jón Þór Sturluson, fyrrum aðstoðarmaður Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra, var spurður að því hver væri hin aðsteðjandi hætta sem bankarnir stóðu frammi fyrir og hvenær honum hafi verið hún ljós. Hann sagðist hafa gert sér grein fyrir henni í ársbyrjun 2008 og að hún hafi magnast þegar leið á árið. Að mati Jóns Þórs var hún helst sú að bankarnir voru ekki með tryggða fjármögnun til lengri tíma og þeim virtist ganga illa að fjármagna sig. Aðstæður á alþjóðamörkuðum voru með þeim hætti á árinu 2008 að þetta gat „endað illa".

Hann sagði að það hefði ekki átt sér stað, með beinum hætti, vinna á vegum viðskiptaráðuneytisins sem í fólst mat eða greining á útþenslu bankakerfisins. Slík vinna hafi þó farið fram á vettvangi Fjármálaeftirlitsins (FME) og Seðlabanka Íslands og ráðuneytið átti samtöl við þær stofnanir um efnið.

**Söfnuðu tillögum**

Jón Þór segir að málið hafi komist kirfilega á dagskrá eftir fund sem Davíð Oddsson hélt með ráðherrum í byrjun febrúar þar sem hann lýsti áhyggjum sínum af bönkunum. Í kjölfarið hafi honum og Bolla Þór Bollasyni, ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu, verið falið að safna saman tillögum sem gætu verið viðbragð við válegum aðstæðum á fjármálamarkaði. Jón Þór sagði í vitnastúku að hann hafi komið með þá tillögu að leyfa bönkunum að færa bókhald sitt og uppgjör í öðrum gjaldmiðlum en íslensku krónunni til að koma í veg fyrir sveiflur. Hægt hafi verið að ganga enn lengra. Við vitnaleiðslur benti hann á að í Svíþjóð, eftir bankakreppu þeirra árið 1992, hafi yfirlýsing um að ganga í Evrópusambandið ein og sér haft jákvæð áhrif á stöðu landsins. Niðurstaðan var þó alltaf sú að róttækar yfirlýsingar og aðgerðir gætu skaðað.

**Darling skildi ekki sjálfur hættuna af Icesave**

Spurður hvort stjórnvöld hafi með einhverjum hætti beitt sér í því að fá bankana til að flytja höfuðstöðvar úr landi eða draga saman í starfsemi sinni nefndi Jón Þór aðgerðir FME vegna fyrirhugaðra kaupa Kaupþings á NIBC-bankanum, sem hætt var við í ársbyrjun 2008. Hann sagðist telja „að það sé óyggjandi að afskipti íslenska fjármálaeftirlitsins og rannsókn þess á áhrifum á fjármálastöðugleika hafi leitt til þeirrar niðurstöðu". Hreiðar Már Sigurðsson hafnaði þessari söguskýringu alfarið í vitnastúku og sagði að Kaupþing og seljandinn, JC Flowers, hefðu sjálfir ákveðið að hætta við kaupin. Jón Þór var spurður út í fund sem hann sat ásamt öðrum með Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, 2. september 2008 þar sem verið var að ræða Icesave og flutning þess yfir í dótturfélag í Bretlandi. Hann segir Darling hafa notað orðalag á borð við: „Skiljið þið ekki hversu alvarlegt mál þetta er?". Að mati Jóns Þórs var hann þar að tala um alþjóðlegar aðstæður, ekki bara vanda Landsbankans. Hann telur að að mörgu leyti hafi Darling sjálfur ekki áttað sig á alvarleika þess máls sem verið að ræða, þ.e. flutning á Icesave í dótturfélag, og hverjar afleiðingarnar af málinu gætu orðið.

- þsj

## Orðrétt

Sonur minn spurði mig á þessum tíma: „Pabbi, þú ert aldrei heima nema á morgnana."

Jónas Fr. Jónsson, fyrrum forstjóri FME, um vinnuálagið dagana sem íslenska bankakerfið var að hrynja.

Það kann að blasa við hlutfallsvandi gagnvart klukkunni.

Markús Sigurbjörnsson, forseti Landsdóms, biður saksóknara, enn einu sinni, að virða tímamörk sem hann hefur til að yfirheyra hvert vitni.

Núna veistu hvað er í henni.

Sigríður Friðjónsdóttir saksóknari þylur upp innihald skýrslu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafði unnið um Ísland en Jónas Fr. Jónsson hafði aldrei séð.

Menn eru alveg búnir að gleyma því andrúmslofti sem var, menn voru kvikmyndastjörnur samtímans.

Jónas Fr. um íslenska bankamenn.

Ég held að allir bankamenn hafi haft áhyggjur á árinu 2008.

Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrum forstjóri Kaupþings.

Var project Hans skref í átt að project Einar?

Helgi Magnús Gunnarsson aðstoðarsaksóknari spyr Hreiðar Má um áætlanir Kaupþings.

Hvað er þetta eiginlega?

Helgi Magnús spyr Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóra Samtaka fjármálafyrirtækja, um starfsemi samtakanna.

Ég varð fyrir miklu áfalli þegar ég kom til baka vegna stöðunnar.

Jónína S. Lárusdóttir, fyrrverandi ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins, sneri aftur til starfa 1. ágúst 2008 eftir fæðingarorlof og fékk áfall yfir stöðu fjármálakerfisins.


**Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf.**

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn á Goðalandi Fljótshlíð, föstudaginn 23. mars 2012 og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:
1. Aðalfundarstörf samkvæmt 24. gr. samþykkta félagsins.
2. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund.

Reykjavík, 5. mars 2012.
**Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.**



markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör

TILBOÐIN GILDA 8. - 11. MARS



**SVÍNALUNDIR**
FERSKAR

VERÐ NÚ
**1.390**
ÁÐUR 1.495 KR/KG

# DÖNSK STEMNING

**GRÍSAHRYGGUR**
1/2 MEÐ PURU
GOÐI
VERÐ NÚ
**1.139**
ÁÐUR 1.898 KR/KG
40% AFSLÁTTUR

**GRÍSARIFJABITAR**
BBQ
GOÐI
VERÐ NÚ
**899**
ÁÐUR 1.498 KR/KG
40% AFSLÁTTUR

**KJÚKLINGABRINGUR**
900 G
VERÐ NÚ
**1.798**

**GRÍSAMÍNÚTUSTEIK**
FERSK
VERÐ NÚ
**1.399**
ÁÐUR 1.998 KR/KG

**PURUSTEIK**
BEINLAUS
VERÐ NÚ
**989**
ÁÐUR 1.498 KR/KG
34% AFSLÁTTUR

**KJÚKLINGA**
-BORGARI 1 KG
-POPPKORN 1 KG
-TEX-MEX NAGGAR 1 KG
**1.798** KR/PK
**1.698** KR/PK

**SALTSTANGIR**
-250 G
**189** KR/PK

**ÖRBYLGJUPOPP**
-3 POKAR/PK
-300 G
**179** KR/PK

coop

**HOLLT&GOTT**
**DANSKT RÚGBRAUÐ**
7 SN. MYLLAN
**199**
ÁÐUR 219 KR/PK

**X-TRA** · GOTT VERÐ
**HAFRAKEX**
400 G
**139** KR/PK

**X-TRA** · GOTT VERÐ
**HAFRAKEX**
400 G
**129** KR/PK

**ANANAS**
FERSKUR
VERÐ NÚ
**190**
ÁÐUR 379 KR/KG
ÁVÖXTUR VIKUNNAR

## Ósætti um leiðir í samráðshópi

Ósætti var innan samráðshóps um fjármálastöðugleika stuttu fyrir hrun um þær leiðir sem hópurinn vildi fara, og hvort þörf væri á ákvörðun stjórnvalda um mögulegan fjárstuðning við fjármálakerfið ef allt færi á versta veg. Þetta kom fram í vitnisburði Jónínu S. Lárusdóttur, fyrrverandi ráðuneytisstjóra í viðskiptaráðuneytinu, fyrir Landsdómi í gær.

Jónína, sem átti sæti í hópnum, sagðist sjálf hafa kallað eftir því innan hans í ágúst 2008 að stjórnvöld mörkuðu ákveðnari stefnu um hversu langt þau væru tilbúin að ganga til að bjarga fjármálakerfinu. Aðrir í hópnum töldu ekki tímabært að taka slíka ákvörðun. Þeirra á meðal voru ráðuneytisstjórar fjármálaráðuneytisins og forsætisráðuneytisins, Baldur Guðlaugsson og Bolli Þór Bollason. Sá síðarnefndi var formaður samráðshópsins.

Jónína vildi einnig meiri formfestu í starf hópsins, ákveðna dagskrá, skilgreiningu á verkefnum og fleira í þeim dúr. Hún sagði þó í gær að það hefði litlu breytt þó til hefði verið neyðaráætlun haustið 2008 sem bankarnir hrundu.

Hún sagði mestu skipta að hópurinn hafi látið vinna drög að að lagafrumvarpi sem síðar var breytt í neyðarlögin í októberbyrjun 2008. -bj






# Hreiðar sagði neyðarlögin hafa fellt Kaupþing

**Kaupþing var að hrinda í gang áætlunum um að flytja hluta starfsemi sinnar úr landi í lok september 2008 og féll vegna setningar neyðarlaganna. Eftirákýringar Seðlabankamanna um að hafa séð hrunið fyrir ekki réttar. Þetta sagði Hreiðar Már Sigurðsson í gær.**



REIÐUR „Mér blöskrar hreinlega," sagði Hreiðar um skýringar Seðlabankamanna fyrir Landsdómi um að þeir hafi séð hrunið fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hreiðari Má Sigurðssyni, fyrrum forstjóra Kaupþings, blöskrar málflutningur Davíðs Oddssonar og Arnórs Sighvatssonar um að þeir hafi séð hrunið fyrirfram. Hann sagði neyðarlögin hafa fellt Kaupþing og að bankinn hafi hrint í framkvæmd „Project Hans" í lok september sem átti að minnka áhættu Íslands vegna Kaupþings verulega.

Þetta kom fram við vitnaleiðslur yfir Hreiðari á fjórða degi réttarhalda yfir Geir H. Haarde fyrir Landsdómi í gær.

### Var ekki hræddur við mínikrísuna

Hreiðar fór yfir það að vöxtur Kaupþings hafði verið mjög hraður á árunum 2003-2005 þegar bankinn tvöfaldaðist árlega. Stærstu yfirtökurnar á því tímabili voru sameiningin við Búnaðarbankann (2003), kaupin á danska bankanum FIH (2004) og kaupin á Singer&-Friedlander í Bretlandi (2005). Eftir það hafi ekki verið neinn ytri vöxtur. Bankinn hafi ekki verið að kaupa fyrirtæki erlendis.

Hreiðar sagði Kaupþing hafa verið um helming af stærð íslenska bankakerfisins. Efnahagsreikningur bankans hafi verið upp á um 55 milljarða evra.

Helgi Magnús Gunnarsson aðstoðarsaksóknari spurði Hreiðar hvernig hann hafi upplifað hina svokölluðu „mínikrísu" sem bankarnir gengu í gegnum á árinu 2006. Hreiðar sagði að það sem gerst hafi var að íslensku bankarnir hafi gefið út mikið af skuldabréfum á evrópskum skuldabréfamarkaði til að fjármagna sig. Áhyggna hafi tekið að gæta hjá fjárfestum um hvernig þeir ætluðu að endurfjármagna þær skuldir og í kjölfarið hafi kjör versnað. Bankarnir hafi gripið til margþættra ráðstafana, meðal annars aukið innlánasöfnun og hafið útgáfu á skuldabréfum í Bandaríkjunum. Aldrei hafi verið hætta á því að Kaupþing færi í þrot á þessum tíma.

### Project Hans og Project Einar

Hreiðar gat ekki sagt til um nákvæmlega hvenær hann fór að hafa áhyggjur af ástandinu aftur eftir að „mínikrísunni" lauk. Staðan hafi þó að mörgu leyti verið að batna hjá Kaupþingi á árinu 2008 og bankinn hafði náð í ný innlán í gegnum Edge-reikninga sína fyrir um 5,7 milljarða evra. „Við töldum að við værum búnir að finna leiðina út úr þessari krísu," sagði Hreiðar.

Sú leið var kynnt á stjórnarfundi Kaupþings 25. september 2008. Þá samþykkti stjórnin hið svokallaða „Project Hans". Í því fólst að starfsemi Kaupþings á Norðurlöndunum yrði flutt undir FIH og önnur alþjóðastarfsemi flutt til Singer&Friedlander. Þessa starfsemi átti síðan að fjármagna á heimamörkuðum þessara banka og minnka þannig áhættu móðurbankans á Íslandi töluvert, enda var þá um 80% af starfsemi hans erlendis.

Þessi áætlun átti að vera fyrsta skrefið í átt að flytja höfuðstöðvar Kaupþings af landi brott. Hreiðar sagði líka frá annarri áætlun, „Project Einar", sem snerist um að flytja höfuðstöðvar bankans til London. „Project Hans" átti að vera skref í átt að „Project Einari". Að sögn Hreiðars þótti raunhæft að hrinda „Project Hans" í framkvæmd á þremur mánuðum. Aldrei hafi verið gert ráð fyrir fyrirgreiðslu frá Seðlabankanum sem þrautavaralánveitanda í þessum áætlunum bankans. „Við vissum alveg hvað gjaldeyrisvaraforðinn var stór." Á endanum lánaði Seðlabankinn þó Kaupþingi 500 milljónir evra í neyðarlagavikunni.

### Pólitísk ákvörðun

Hreiðar sagði að þessi vinna hafi ekki verið unnin undir neins konar þrýstingi eða með atbeina stjórnvalda. Það hafi hins vegar valdið þeim miklum vonbrigðum þegar Seðlabankinn neitaði bankanum að gera upp í evrum. „Ég tel að það hafi verið röng ákvörðun hjá Seðlabankanum að hafna þessu. [...] Það var pólitísk ákvörðun Seðlabankans. Hann vildi ekki sjá stærsta banka landsins gera upp í annarri mynt."

Hreiðar sagðist ekki hafa orðið var við þrýsting frá stjórnvöldum eða opinberum stofnunum um að selja eignir á árinu 2008. Eftir á að hyggja hafi þó þurft að vera meira samráð milli aðila almennt um stöðuna á íslenskum fjármálamarkaði á árinu 2008.

Hann sagði það ekki rétt sem fram hafi komið fyrir Landsdómi á síðustu dögum að Fjármálaeftirlitið (FME), og eftir atvikum Seðlabankinn, hafi komið í veg fyrir kaup Kaupþings á NIBC. „Það var sameiginleg ákvörðun okkar og JC Flowers [stærsta eiganda NIBC] að hætta við kaupin." Aðkoma FME hafi verið sú að aðstoða seljandann, JC Flowers, við að komast að sömu niðurstöðu. Það hafi verið gert með þeim hætti að ekki væri sjálfgefið að FME myndi samþykkja kaupin.

### Eftiráskýringar Seðlabankamanna

Hann nefndi sérstaklega að hann teldi að Seðlabankinn hefði tekið gríðarlega vonda ákvörðun þegar hann ákvað að taka yfir Glitni með því að kaupa hlutafé í bankanum fyrir 800 milljónir evra í lok september 2008. Hann gerði athugasemd við það að þrír seðlabankamenn, á meðal þeirra Davíð Oddsson og Arnór Sighvatsson núverandi aðstoðarseðlabankastjóri, hafi haldið því fram fyrir Landsdómi að þeir hafi vitað hvað væri að fara að gerast haustið 2008. „Ef þeir vissu hvað var að fara að gerast, af hverju tóku þeir ákvörðun um að kaupa hlutafé í Glitni fyrir 800 milljónir evra í lok september 2008?".

Hreiðar sagði þær eftiráskýringar sem Seðlabankamennirnir hefðu boðið upp á fyrir Landsdómi rangar. „Mér blöskrar hreinlega," sagði Hreiðar og virtist í töluverðu uppnámi. Hann byrjaði í kjölfarið að gagnrýna vitnisburði Arnórs og Davíðs en Markús Sigurbjörnsson, forseti dómsins, stoppaði hann af og sagði hann ekki vera kominn í Landsdóm til að ræða framburð annarra vitna.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, dómari í Landsdómi, spurði Hreiðar af hverju Kaupþing hefði fallið. „Hann fellur við þá ákvörðun stjórnvalda að setja neyðarlög," svaraði Hreiðar. Hann sagði að lög sem mismunuðu fólki eftir búsetu eða þjóðerni og breyttu röð kröfuhafa eftir á gera það ómögulegt að reka alþjóðlegan banka. „Daginn eftir að neyðarlögin voru samþykkt vildi enginn eiga viðskipti við okkur."




ENA MICRO 9 ONE TOUCH

Einföld og falleg

ENA Micro 9 frá Jura er minnsta sjálfvirka kaffivél heimsins í dag. Með einni snertingu fæst nýmalað og ilmandi kaffi beint í bollann.

Hægt er að velja um kaffi, espesso, latte macchiato, cappuccino eða heitt vatn í te með því að þrýsta á einn hnapp. Vélin er stílhrein, einföld í notkun og einstaklega hljóðlát.

Kynningarverð kr. 149.000

Mjólkurkanna að andvirði kr. 9.420 fylgir sem kaupauki með hverri vél.

*Líttu við hjá Eirvík og við bjóðum þér í kaffi*

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is


## Vildu losa 900 milljónir evra með sölu eigna sumarið 2008

Stjórnarformaður Glitnis taldi bankann geta losað um 900 milljónir evra með sölu á eignum í Noregi árið 2008. Úti var um áformin eftir fall bandaríska fjárfestingabankans Lehman Brothers 15. september þar sem væntanlegir kaupendur kipptu að sér höndunum.



ÞORSTEINN MÁR BALDVINSSON

Þetta kom fram í vitnisburði Þorsteins Más Baldvinssonar fyrir Landsdómi í gær. Hann var stjórnarformaður Glitnis frá því snemma árs 2008 og þar til Fjármálaeftirlitið tók bankann yfir í október.

Þorsteinn neitaði því að stjórnvöld hafi þrýst á stjórn bankans um að selja eignir og minnka efnahagsreikninginn. Hann sagði slíkan þrýsting hafa verið óþarfan, stjórnin hafi sjálf ákveðið að fara þessa leið, sem hafi meðal annars komið fram í uppsögn um 200 starfsmanna, auk sölu á eignum í Danmörku og víðar.

Spurður hvort aðstæður á markaði á árinu 2008 hafi verið svo erfiðar að illmögulegt hafi verið að selja eignir sagði Þorsteinn að Glitnismenn hafi í það minnsta verið vongóðir um sölu eigna í Noregi, enda hafi það verið góðar og verðmætar eignir. Hann sagði að byrjað hafi verið að vinna að sölu eignanna á vormánuðum 2008.

Þorsteinn sagði einnig að stjórnin hafi óskað eftir því árið 2008 að stærstu skuldhafar Glitnis seldu eignir til að greiða upp eitthvað af skuldum sínum við bankann. Í hópi stærstu skuldara voru eigendur bankans og félög þeim tengd. Hann sagði það ekki hafa náðst áður en bankarnir féllu, þó unnið hafi verið að því af fullum krafti á árinu.

Þorsteinn sagði það hafa verið sína skoðun að rétt væri að hagræða meira í bankakerfinu, til dæmis með sameiningu banka. Hann fundaði með Björgólfi Guðmundssyni, stjórnarformanni Landsbankans, í ágúst til að ræða mögulega sameiningu.

Fundurinn fór fram að ósk Tryggva Þórs Herbertssonar, þáverandi efnahagsráðgjafa Geirs H. Haarde forsætisráðherra, og sat Tryggvi fundinn. Þorsteinn segist hafa skilið það svo að Björgólfur væri ekki áfjáður í slíka sameiningu og möguleikinn ekki verið skoðaður nánar. - bj



SKÓR Á FRÁBÆRU VERÐI!

## SÍÐUSTU DAGAR
# SKÓMARKAÐARINS

Komdu og gerðu góð kaup á skómarkaði Ellingsen **dagana 1.–10. mars.**
Vandaðir gönguskór, kuldaskór, barnaskór og gúmmískór á frábæru verði!

Columbia Sportswear Company. MUCK. VIKING



**COLUMBIA** RAVENOUS GÖNGUSKÓR
Stærðir 42–49
**16.990 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 24.990 KR.**



**CONWAY** GÖNGUSKÓR
Stærðir 36–47
**11.992 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 14.990 KR.**



**TAY SPORT** KULDASTÍGVÉL
Stærðir 41–48
**17.520 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 21.900 KR.**



**COLUMBIA** TALUS GÖNGUSKÓR
Stærðir 36–42
**24.990 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 36.990 KR.**



**NIKE** MANOA KULDASKÓR
Stærðir 36–46
**17.990 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.**



**VIKING** GÚMMÍSKÓR
Stærðir 35–47
**3.992 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 4.990 KR.**



**NIKE** RONGBUK GÖNGUSKÓR
Stærðir 41–49
Til í bláu og svörtu
**19.990 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.**



**MONTRAIL** BADROCK GÖNGUSKÓR
Stærðir 42–46
**27.992 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 34.990 KR.**



**VIKING** JOLLY GÚMMÍSTÍGVÉL
Barnastærðir 21–35
**3.992 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 4.990 KR.**



**COLUMBIA** ROPE TOW KULDASKÓR
Barnastærðir 32–39
**9.490 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 13.990 KR.**



**COLUMBIA** SHASTA RIDGE GÖNGUSKÓR
Stærðir 38–43
**21.592 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 26.990 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 120682

föstudagur **Föstudagsviðtalið** Nicolai Wammen, Evrópumálaráðherra Danmerkur

# Fullveldismál alltaf í forgrunni

**Nicolai Wammen**, Evrópumálaráðherra Danmerkur, sótti Ísland heim í vikunni. ***Þorgils Jónsson*** ræddi við Wammen um forystuhlutverk Danmerkur í Evrópusambandinu, yfirstandandi efnahagsþrengingar og aðildarviðræður Íslands við ESB. Hann styður aðild Íslands heilshugar en leggur þó mikla áherslu á að þegar allt komi til alls liggi ákvörðun um ESB-aðild hjá íslensku þjóðinni.



**GAGNKVÆMIR HAGSMUNIR** Nicolai Wammen, Evrópumálaráðherra Danmerkur, segir að bæði Ísland og ESB geti haft mikinn ávinning af aðild landins ef til hennar komi. Það sé þó alfarið undir íslensku þjóðinni komið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nicolai Wammen hefur verið ein helsta vonarstjarna danskra jafnaðarmanna síðustu ár. Hann tók sæti á þingi, þrítugur að aldri, árið 2001 og sat þar fram til ársins 2004. Hann var svo kjörinn borgarstjóri í Árósum árið 2005 og gegndi því embætti fram á síðasta haust þegar hann var aftur kjörinn á þing og var skipaður Evrópumálaráðherra í ríkisstjórn Helle Thorning-Schmidt.

Sem slíkur hefur hann gert víðreist enda situr Danmörk í forsæti Evrópusambandsins fram í lok júní. Hann var staddur hér á landi í upphafi viku þar sem hann ræddi við forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar um framgang aðildarviðræðnanna og stöðu mála í Evrópusambandinu.

*Hvaða þýðingu hefur forystuhlutverkið fyrir Danmörku og hverju vonist þið til að áorka?*

Það fer ekki á milli mála að Danmörk tekur við forystunni á afar erfiðum tíma í sögu Evrópu. Álfan er nú í sinni dýpstu kreppu frá stríðslokum þannig að verkefnið er mikil áskorun, en við Danir erum þrautseigir og munum leggja okkur öll fram.

Okkar takmark er að koma Evrópu aftur í gang. Við höfum náð merkum áfanga með sáttmálanum um fjármálastöðugleika og vonumst til þess að það muni koma í veg fyrir að fyrri mistök verði endurtekin. Við höfum þurft að grípa til aðhaldsaðgerða og niðurskurðar sem er afar mikilvægt til að tryggja að Evrópa komist aftur á rétta braut, en skilaboð Danmerkur í forsæti ESB eru ekki bara niðurskurður, heldur verðum við líka að stuðla að vexti og fjölgun starfa. 23 milljónir manna eru nú atvinnulausar í ESB og þar af átta milljónir ungs fólks. Ætlun okkar er að stuðla að vexti frá síðasta ári og við höfum myndað okkur stefnu til framtíðar í þeim málum. Bæði viljum við fjárfesta í vexti, en líka ganga úr skugga um að skynsamlega sé haldið um fjármuni til þess að sem mest fáist með hverri evru.

Nú hefur innri markaður ESB verið við lýði í tuttugu ár og við viljum hefja umbætur á því fyrirkomulagi til að minnka skriffinnsku, auka neytendavernd og lækka verð og örva með því vöxtinn enn frekar.

*Nú standa Danir utan við Evrusvæðið, en krónan er tengd evru í gegnum gengissamstarfið ERM II. Myndi það breyta miklu fyrir Danmörku að taka skrefið til fulls og taka upp evru?*

Danir höfnuðu upptöku evrunnar á sínum tíma og stjórnvöld hafa virt þá ákvörðun. Það eru því engin áform um að boða til annarrar þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Við skrifuðum engu að síður undir sáttmálann um fjármálastöðugleika fyrir nokkrum dögum og munum taka þátt í honum að flestu leyti. Við höfum hins vegar valið að taka ekki upp evruna og það virða hin aðildarríkin fullkomlega.

*Hér á Íslandi eru víða uppi efasemdir um ESB og ýmis mál sem tengjast ESB-aðild. Sú hefur líka verið raunin í ýmsum hópum í Danmörku, til dæmis varðandi Evrópudómstólinn og fullveldi aðildarríkjanna. Hefur sú umræða breyst á síðustu misserum?*

Efnahagsvandinn er efst á baugi í umræðu um Evrópumál í dag. Það er, hvernig við getum komið Evrópu upp úr öldudalnum og um leið verndað hagsmuni Danmerkur á þessum viðsjárverðu tímum. Það eru vissulega mörg önnur málefni sem brenna á fólki en ef þú spyrðir fólkið í landinu myndu flestir svara því til að baráttan gegn atvinnuleysi sé þeim efst í huga sem og hvort Evrópa komist af stað á ný. 70% af öllum okkar útflutningi fara til annarra ESB-ríkja og um hálf milljón danskra starfa er beintengd því þannig að þróun mála hefur mikil áhrif á almenning í landinu.

*Er skynsamlegt, á þessum erfiðu tímum fyrir ESB, að vinna að fjölgun aðildarþjóða í stað þess að þétta raðir núverandi aðildarríkja?*

Ég er þeirrar skoðunar að við megum ekki vanrækja stækkunarmál. ESB snýst um annað og fleira en fjármál og peninga. Sambandið er líka friðarverkefni og það gildir sérstaklega um stækkunarmál. Til dæmis hafa ríkin á Vestur-Balkanskaga stefnt að aðild og nú fyrir nokkrum dögum varð Serbía síðasta ríkið sem var formlega tekið í hóp umsækjenda. Það snýst ekki síður um frið en gagnkvæman efnahagsávinning.

> ESB snýst um annað og fleira en fjármál og peninga. Sambandið er líka friðarverkefni og það gildir sérstaklega um stækkunarmál.

Hvað við kemur Íslandi yrðuð þið eitt af þeim ríkjum sem myndu leggja hvað mest af mörkum til sambandsins. Þið eruð nútímalýðræðisríki með öflugt velferðarkerfi auk þess að hafa vel menntað fólk og standa framarlega í þróun og rannsóknum, sérstaklega hvað varðar græna orku. Þið yrðuð svo auðvitað stórveldi í sjávarútvegi ef þið gengjuð í sambandið. Þannig er ég viss um að aðild ykkar væri bæði ESB og Íslandi til hagsbóta. Þar yrðuð þið hluti af fjölskyldu sem er bæði stærsta hagkerfi í heimi og sér til þess að þegar kreppir að þurfi enginn meðlimanna að standa einn. Ég vil samt taka það skýrt fram að það er alfarið undir íslensku þjóðinni komið hvort af aðild verði. Það er ykkar ákvörðun og við virðum það.

*Telur þú að það sé raunhæft markmið að ljúka aðildarviðræðum Íslands fyrir alþingiskosningar næsta vor, eins og sumir hafa talað fyrir?*

Á meðan Danmörk er í forsæti ESB verður lögð mikil áhersla á uppbyggilegar og skjótar umræður milli Íslands og ESB. Það er of snemmt að segja hvenær viðræðunum gæti lokið en við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að tryggja að þetta gangi hratt fyrir sig.

*Enn eru mörg erfið málefni óútkljáð eins og fiskveiðar, landbúnaður og hvalveiðar. Er raunhæft að finna á þeim lausn sem báðir aðilar geta sætt sig við?*

Öll ný aðildarríki verða að takast á við erfið málefni eins og landbúnað og umhverfismálefni, og í tilfelli Íslands verður sjávarútvegurinn einnig mikil áskorun. Ég er hins vegar vongóður um að ef báðir aðilar nálgast málefnin á uppbyggilegan hátt sé hægt að finna milliveg sem tryggir hagsmuni beggja.

*Eitt af stærstu umfjöllunarefnum sem tengjast aðild að ESB, hvort sem er í núverandi aðildarríkjum eða þeim sem eru í umsóknarferli, er spurningin um fullveldi. Hvernig nálgast Danir, sem eru óumdeilanlega lítil þjóð í hinu evrópska samhengi, spurninguna um fullveldi?*

Danska stjórnarskráin kveður afar skýrt á um fullveldi landsins. Í umræðunni um stöðugleikasáttmálann var því til dæmis velt upp hvort samkomulagið fæli í sér fullveldisafsal að einhverju leyti. Málið var hins vegar tekið til nánari skoðunar innan stjórnkerfisins og niðurstaðan var sú að Danmörk væri ekki að afsala sér fullveldi með því að samþykkja samninginn. Því þyrfti ekki að leggja samkomulagið fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu.

Hins vegar er fullveldisspurningin alltaf í forgrunni umræðu í hverju ríki. Aðild að ESB hefur vissulega í för með sér afsal fullveldis að vissu leyti, en þess í stað eru ríki tekin inn í stóra fjölskyldu með öllum þeim ávinningi og skuldbindingum sem því fylgja.

KYNNTU ÞÉR TILBOÐIN OKKAR!
VIÐ ERUM Á TVEIMUR STÖÐUM:
KLETTHÁLSI 11 og EIRHÖFÐA (Bílakjarninn)
525 8000
www.bilaland.is
bílaland
ENNEMM / SÍA / NM51004

Aukningin er 3,5 prósent:

# Fleiri mjólkurlítrum skilað

**LANDBÚNAÐUR** Undanfarnar vikur hefur innvigtun mjólkur verið umtalsvert meiri en á sama tíma í fyrra, samkvæmt upplýsingum á vef Landssambands kúabænda.

„Í liðinni viku var innvigtunin 2.584.284 lítrar, sem er nær 90.000 lítrum meira en í sömu viku fyrir ári," segir þar, en aukningin nemur 3,5 prósentum. „Frá áramótum er innvigtunin orðin um 460.000 lítrum meiri en á sama tímabili árið 2011," segir þar jafnframt. - óká

Bænastund í Grensáskirkju vegna hörmunganna í Japan fyrir ári:

# Á fjórða þúsund enn saknað í Japan

**FÓLK** Efnt verður til bænastundar í Grensáskirkju á sunnudag í tilefni af því að eitt ár er liðið frá því að öflugur jarðskjálfti skók norðausturhluta Japan.

„Íslendingar hafa sýnt japönsku þjóðinni einstaka hlýju og stuðning sem gefur þeim kjark og von. Fyrir það erum við afar þakklát," segir Miyako Þórðarson, prestur heyrnarlausra. Ekki megi þó gleyma hörmungunum sem enn snerti marga og uppbygging á svæðinu sé fremur hæg.

Í upplýsingum frá japanska sendiráðinu kemur fram að á fjórða þúsund manns sé enn saknað og um 325.000 dvelji í bráðabirgðahúsnæði nú þegar ár er liðið frá jarðskjálftanum. Hann mældist 5,6 á Richter og orsakaði allt að 30 metra háa flóðbylgju sem náði mest 10 kílómetra inn í landið. Tala látinna er komin í 15.854.

Í kjölfar skjálftans urðu einnig alvarlegar bilanir í Fukushima-kjarnorkuverinu sem ollu töluverðri geislamengun.

Bænastundin, sem hefst klukkan 14, nefnist „Eitt ár er liðið" og eru allir hjartanlega velkomnir. - obþ

> Íslendingar hafa sýnt japönsku þjóðinni einstaka hlýju og stuðning sem gefur þeim kjark og von. Fyrir það erum við afar þakklát.



MIYAKO ÞÓRÐARDÓTTIR
PRESTUR HEYRNARLAUSRA



**UPPBYGGING Í JAPAN** Enn er unnið hörðum höndum að uppbyggingu á hamfarasvæðinu í Japan. NORDIC PHOTOS / GETTY



**SLADDI** Steinbíturinn á undir högg að sækja af ýmsum ástæðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Rannsókna þörf á steinbít:

# Steinbítsstofninn stendur illa

**HAFRANNSÓKNIR Staða steinbítsstofnsins er slæm, er meginniðurstaða samráðshóps sjómanna, útvegsmanna og sérfræðinga Hafrannsóknastofnunarinnar um steinbítsrannsóknir.**

**Ýmsar orsakir voru nefndar á síðasta fundi hópsins; ofveiði, veiðar á hrygningarsvæðum á klaktíma, loðnuleysi á Vestfjarðamiðum og breytt umhverfisskilyrði undanfarinna ára.**

**Þá kom fram á fundinum að þörf væri á eflingu rannsókna á steinbít, en Hafró hyggst rannsaka hrygningu steinbíts frekar með því að fara í sérstakan leiðangur á Látragrunn næsta haust.** - shá

Straumhvörf hjá netbanka:

# Íslandsbanki tengist Meniga

**NEYTENDUR** Heimilisbókhaldið Meniga er nú orðið hluti af netbanka Íslandsbanka. Þar með eru allir einstaklingar í viðskiptum við bankann orðnir notendur Meniga.

Íslandsbanki er fyrsti netbankinn í heiminum sem býður upp á bókhaldið innbyggt í þjónustuna, en áður þurftu notendur sem skráðir voru í Meniga að tengjast öðrum vef til að vinna með sitt bókhald. Færslur hafa verið flokkaðar með sjálfvirkum hætti tvö ár aftur í tímann og þurfa viðskiptavinir að samþykkja skilmála Meniga til að gerast notendur. - sv

**BLÁSKÓGABYGGÐ**

## Strætómiðar á skrifstofu

Byggðaráð Bláskógabyggðar hefur nú skipt um skoðun og látið undan ítrekuðum óskum Strætó og Samtaka sveitarfélaga á Suðurlandi um að selja farmiða í strætó á skrifstofu sveitarfélagsins. Það verði gert í einn mánuð til reynslu. „Byggðaráð ítrekar þá skoðun sína að sala farmiða eigi mun betur heima í vögnunum sjálfum eða nær áfangastöðum fólksflutningabílanna en inni á skrifstofu sveitarfélaga sem í mörgum tilfellum eru staðsett alllangt frá áfangastöðunum".




# Framtíðin er rafmögnuð

# CHEVROLET



2011 MOTOR TREND CAR OF THE YEAR

WORLD GREEN CAR
WORLD CAR AWARDS

VOLT

## Fyrsti langdrægi rafbíllinn

### – raunhæfur kostur fyrir hinn almenna bíleiganda!

FOR SAFER CARS EURO NCAP www.euroncap.com TEST 2011

Nýlega var tilkynnt við hátíðlega athöfn á bílasýningunni í Genf, að **rafbíllinn Chevrolet Volt** hafi hlotið titilinn **"Bíll ársins 2012"**. Þessi niðurstaða dómnefndar, sem skipuð er 59 leiðandi bílablaðamönnum frá 23 Evrópuríkjum, er geysilega mikilvæg viðurkenning á framtíðarsýn og tæknilegu framlagi Chevrolet til umhverfisvænni bílamenningar í heiminum.

Chevrolet Volt kemst um 60 km vegalengd á rafhleðslunni einni saman, án eldsneytisnotkunar eða útblásturs. Byltingarkennda nýjungin í rafbílnum Volt er að geta haldið áfram för, á vegum úti, þó að rafmagnið þrjóti. Ökudrægi Volt er rúmir 500 km, en öll viðbótar vegalengdin fæst með inngripi bensínvélar sem knýr rafmótorinn. **Þessi einstaka tækni frá Chevrolet er grundvöllur þess að skilgreina Volt sem fyrsta langdræga rafbílinn. Framtíðin er rafmögnuð með Chevrolet.**

Nánari upplýsingar um Volt á benni.is

CHEVROLET

# BÍLL ÁRSINS

## 2012




**Hringdu í síma 590 2000 eða skráðu þig á netinu og tryggðu þér boðskort á frumsýningu Chevrolet Volt í sumar.**
**Skráning á netinu fer fram á síðunni: www.benni.is/Volt**

Bílabúð Benna
*Sérfræðingar í bílum*



SPARK | AVEO | CRUZE | ORLANDO | CAPTIVA | CAMARO

Bílabúð Benna – Tangarhöfða 8 – 590 2000 • Njarðarbraut 9 – Reykjanesbæ – 420 3330 • Bílaríki – Glerárgötu 36 – Akureyri – 461 3636 • benni.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Breytingar á innflutningi búvöru í vændum:

# Landið þar sem aldrei skortir kjöt

Norðmenn reka sem kunnugt er næstvitlausustu landbúnaðarpólitík í heimi, með háum ríkisstyrkjum, samkeppnishömlum og ofurtollum. Norsk stjórnvöld komast þó ekki með tærnar þar sem þau íslenzku hafa hælana þegar kemur að því að takmarka innflutning búvara og hindra erlenda samkeppni við framleiðendur.

Þetta má til að mynda lesa út úr lýsingu sem birtist á neytendasíðu Fréttablaðsins í gær á því hvernig norska landbúnaðarstofnunin stýrir innflutningi á kjöti til landsins. Það er vissulega ófrjálst miðstýringarkerfi, rétt eins og á Íslandi. En það byggist á því að tryggja neytendum jafnt og stöðugt framboð á kjöti með því að rýmka innflutningsheimildir og lækka tolla þegar stefnir í að innanlandsframleiðslan anni ekki eftirspurn.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is


Þannig fullnýta Norðmenn ekki eingöngu innflutningskvóta á lægri tollum samkvæmt samningum við önnur ríki, þar með talið Ísland, heldur grípur norska landbúnaðarstofnunin til lækkunar tolla til viðbótar kvótunum. Til að meta hvort grípa þurfi til tollalækkana gerir stofnunin spár fram í tímann um það hvort innlend framleiðsla fullnægi eftirspurn.

Á Íslandi er þessu öðruvísi farið. Þrátt fyrir að borið hafi á kjötskorti, til dæmis vegna sýkinga í alifuglum og vegna þess hvað bændur eru duglegir að flytja út lambakjöt (til dæmis til Noregs), hafa heimildir til innflutnings ekki verið rýmkaðar. Þegar fregnir af kjötskorti og verðhækkunum sem af honum leiða berast landbúnaðarráðuneytinu „skoðar“ það málið og kemst alltaf að sömu niðurstöðu: Á Íslandi er enginn skortur á kjöti, jafnvel þótt kaupmenn kvarti og neytendur grípi í tómt í hillunum. Athuganir ráðuneytisins virðast yfirleitt gerðar eftir á, en ekki reynt að spá fyrir um þróun framboðs og eftirspurnar þannig að hægt sé að greiða fyrir innflutningi þegar stefnir í skort.

Þvert á móti fann fyrrverandi landbúnaðarráðherra, Jón Bjarnason, leið til að gera innflutningskvótann sem á að vera á lágum tollum dýrari en almennan innflutning með ofurtollum!

Nú hefur nýr ráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, lagt fram frumvarp á Alþingi þar sem lagt er til að undið verði ofan af breytingu Jóns Bjarnasonar og verðtolli aftur breytt í magntoll. Enn fremur verði skylt að úthluta tollkvótum þegar stefni í að ekki sé nægjanlegt framboð á innanlandsmarkaði. Þetta gerir ráðherrann tilneyddur; umboðsmaður Alþingis hafði komizt að þeirri niðurstöðu að heimildir landbúnaðarráðherra til að stýra innflutningnum að eigin geðþótta væru brot á stjórnarskránni.

Þannig kann hagur neytenda að breytast eitthvað til betri vegar. Við skulum þó ekki búast við of miklu. Þegar landbúnaðarráðherrann mælti fyrir frumvarpinu fyrir stuttu tók hann skýrt fram að ekki væri „hróflað við þeirri stefnu að innlend framleiðsla skuli njóta verndar gagnvart innflutningi, eins og okkur er heimilt að gera samkvæmt alþjóðaskuldbindingum okkar, og sé kleift að standast verðsamkeppni við vörur sem fluttar eru inn á grundvelli tollkvóta.“

Með öðrum orðum: Þótt löggjafinn viðurkenni kannski að stundum geti skort kjöt á Íslandi, verður innflutta kjötið ekki of ódýrt.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871



Upledger á Íslandi

Hlíðarási 5, 270 Mofellsbær
s. 8630610 erla@upledger.is
www.upledger.is

**Nám í höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð hjá Upledger á Íslandi hefst 14. apríl 2012**

**Námið er kennt í önnum og eru fimm annir til að klára námið og geta orðið skráður græðari. Kennt er um helgar.**

Á fyrstu önn, sem er 1.áfangi í Upledger höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferðar náminu, eru kennd grunnatriði meðferðarinnar. Þau eru sett upp í 10 þrepa kerfi, sem sérstaklega er hannað og hugsað til að þjálfa færni og næmni meðferðaraðilans en hefur einnig þann kost að meðferðarþiggjandi er að fá frábæra meðhöndlun á öllum líkama.

Kennt á íslensku og er kennari Erla Ólafsdóttir sjúkraþjálfari, CST.
Önnin kostar 120.000 krónur.- Ítarleg vinnubók er innifalin í þátttökugjaldinu.

Nánari upplýsingar um námið og skráning í síma **8630610** eða erla@upledger.is. www.upledger.is

Erla Ólafsdóttir CST sjúkraþjálfari


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki mættur

Dómari í Héraðsdómi Reykjavíkur furðaði sig á því á miðvikudag að Hreiðar Már Sigurðsson og þrír félagar hans skyldu ekki mæta við þingfestingu svokallaðs Al Thani-máls. Hann benti saksóknara á þann möguleika að láta handtaka fjórmenningana. Saksóknarinn taldi rétt að gæta meðalhófs við það, og það er kannski ekki skrýtið – mennirnir búa og starfa mikið erlendis og eiga ekki endilega heimangengt sisvona.

### Mættur

Víkur nú sögunni út úr Héraðsdómi, yfir Lækjartorgið og tvö hundruð metra eða svo upp Hverfisgötuna. Þar er Þjóðmenningarhús og um þessar mundir er réttað í því yfir Geir H. Haarde. Og viti menn, daginn eftir að Hreiðar var hvergi sjáanlegur í Héraðsdómi kom hann kokhraustur í Landsdóm og varði þar stöðu íslensku bankanna fyrir hrun. Fyrst Hreiðar getur haldið uppi vörnum í annarra manna réttarhöldum, væri þá ekki réttast fyrir hann að láta sjá sig í sínum eigin – svona fyrst hann er nú á annað borð að hafa fyrir því að koma til landsins?





### Að draga úr kostnaði

„Allan tímann sem ég var stjórnarmaður Glitnis var uppálagt að draga úr kostnaði og hagræða,“ sagði Þorsteinn Már Baldvinsson fyrir Landsdómi í gær. Fréttablaðið sagði frá því tveimur mánuðum eftir að Þorsteinn tók við að starfsfólk markaðs- og viðskiptadeildar Glitnis hygðist eyða helgi á lúxushóteli á frönsku Rivíerunni sem verðlaun fyrir að vera „besta deild Glitnis“. Þar kostuðu herbergin 40 til 160 þúsund krónur og einn starfsmaður lýsti því að hann ætlaði að lifa „hamslausu nautnalífi“. Sparnaðurinn hefur greinilega ekki alltaf gengið sem skyldi. stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Hjólin snúast


Efnahagsmál



Steingrímur J. Sigfússon
efnahags- og viðskiptaráðherra


Nýjar tölur Hagstofu Íslands um 3,1% vöxt á landsframleiðslu á árinu 2011 gefa sterka vísbendingu um að nú sé tekið við nýtt tímabil í efnahagslífi landsins eftir kreppu hrunáranna. Er þessi vöxtur meiri en flestir greinendur gerðu ráð fyrir. Vöxtur sem er jafn kröftugur og þessi stuðlar að bættum lífskjörum, aukinni atvinnu, frekari fjárfestingu og ekki síst skapar hann forsendur til að takast á við mörg þau vandasömu verkefni er hrunið hefur skilið eftir sig. Til að mynda stuðlar þetta að bættum rekstri ríkissjóðs í formi aukinna tekna og möguleika til að greiða niður skuldir ríkissjóðs.

Eftir hrun fjölgaði stórkostlega í hópi úrtöluradda og það verulega á hlut bjartsýnisspámanna góðæristímans. Báðar fylkingar eiga það þó sammerkt að málflutningur þeirra er oft einsleitur og innihaldsrýr. Þannig hafa fulltrúar úrtölumanna amast við því að hjól atvinnulífsins fari ekki í gang og hér sé enginn hagvöxtur.

Nú er raunin önnur eins og tölur Hagstofunnar sýna en þá tekur við nýr sálmur sömu manna um að hagvöxturinn sé ekki sú tegund af hagvexti sem þeir helst kjósa þar sem hann sé drifinn af einkaneyslu. Þó að rétt sé að einkaneyslan hafi aukist drjúgt hún verulega saman á árunum 2009 og 2010. Þegar rýnt er í tölurnar sést að einkaneyslan skýrir ekki vöxtinn í hagkerfinu ein og sér heldur hefur útflutningur reynst kraftmeiri og fjárfesting aukist verulega. Hagvaxtarhorfur á yfirstandandi ári eru vel viðunandi, ekki síst þegar horft er til hins alþjóðlega ástands.

> Hagvaxtarhorfur á yfirstandandi ári eru vel viðunandi, ekki síst þegar horft er til hins alþjóðlega ástands.

Vöxtur hagkerfisins á Íslandi er athyglisverður í alþjóðlegum samanburði. Þannig eykst landsframleiðslan um 4,4% á þriðja ársfjórðungi og um 1,9% á fjórða ársfjórðungi en báðir þessir ársfjórðungar eru hærri en í öllum löndum ESB, Noregi, Sviss, Bandaríkjunum og Japan. Bendir þetta til þess að á meðan Ísland er að ná sér út úr kreppunni eru mörg ríki enn að kljást við neikvæð hagvaxtaráhrif hennar. Þó ber að hafa í huga að viðvarandi kreppa í helstu viðskiptalöndum okkar getur haft neikvæð áhrif á þróun mála hér.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Látum sem ekkert C!

Samfélagsmál



Ómar Ragnarsson
sjónvarpsmaður

Nafn á plötu Halla og Ladda hér um árið kemur hvað eftir annað upp í hugann sem eins konar stef í sögu þjóðarinnar síðustu áratugina, lokastef þöggunarinnar í mörgum af mikilsverðum málum hennar. Sá listi er langur en hér verða aðeins tekin fimm dæmi.

Í þætti um Kröflumálið 1978 kom fram að við virkjun jarðvarmans þar hefðu varúðar- og vinnureglur Guðmundar Pálmasonar verið að engu hafðar.

Mér fannst þetta merkilegasta „skúbbið“ í þættinum en því miður yfirgnæfði hanaslagur Vilmundar Gylfasonar og Jóns G. Sólnes um önnur atriði allt annað í þættinum og þótti mun fréttnæmara en það stórmál að kolrangt væri farið að við virkjun jarðvarmans á Íslandi. Aldrei tókst að koma því atriði á framfæri, heldur tók við þöggun um það í 30 ár. Spiluð var plata Halla og Ladda: Látum sem ekkert C!

Árið 2003, áður en lokaákvörðun um Kárahnjúkavirkjun var tekin, komu fram tveir órækir vitnisburðir um hrikalegt eðli hennar.

Annars vegar mat í umfjöllun rammanefndar um að hún væri annar af þeim tveimur virkjunarkostum á Íslandi sem ylli mestum óafturkræfum neikvæðum umhverfisáhrifum.

Hins vegar mat Norðmanns, sem stóð í Altadeilunni heimsfrægu um 1980 og hafði tvívegis komið til Íslands til að kynna sér Kárahnjúkavirkjun.

Sjónvarpsviðtal við hann um þetta var kaffært í fréttum, en í því sagði hann að umhverfisröskunin af Altavirkjuninni hefði verið algerir smámunir miðað við fyrirhugaða Kárahnjúkavirkjun.

Og af einhverjum orsökum var álit rammanefndar ekki birt fyrr en eftir að virkjunin hafði verið ákveðin. Spiluð var plata Halla og Ladda: Látum sem ekkert C!

Fyrir Landsdómi birtast nú daglega vitnisburðir um það að enda þótt allt sem birtist í fjölmiðlum árum saman um bankana af hálfu ráðamanna, hefði verið samfelld lofgjörð um mátt þeirra og traustleika undir stjórn snillinga útrásarvíkinga af yfirburðakynstofni, þá stefndu þessi ofurmenni bönkunum lóðbeint í hrun með sama áframhaldi, jafnvel allt frá árinu 2005 þrátt fyrir jákvæð álagspróf og vitnisburði, alveg fram í hrunið.

Niðurstaðan og samkór í þrjú ár, allt frá forsetanum og niður úr, var að taka undir með plötu Halla og Ladda: Látum sem ekkert C!

2007 hófst bygging álvers í Helguvík og gumað var af því að nú stefndi beint í samfelldar stóriðjuframkvæmdir undir kosningakjörorði Framsóknarflokksins:

„Árangur áfram! Ekkert stopp!“ með samhljómi í kjörorði samstarfsflokksins:

„Traust efnahagsstjórn – stærsta velferðarmálið!“

Það fylgdi ekki sögunni að eftir væri að semja við alls 12 sveitarfélög um virkjanir, háspennulínur og vegi, eftir væri að meta náttúrufórnir og eftir væri að tryggja orku til álversins. Það fór líka leynt að talsmenn allra álfyrirtækjanna sögðu að þau þyrftu að vera með yfir 340 þúsund tonna ársframleiðslu til að bera sig, heldur var alltaf flaggað þrefalt lægri tölu.

Síðan var bætt við að reisa skyldi ámóta álver fyrir norðan með sama hugsunarhætti.

Og söngurinn um hina traustu efnahagsstjórn var hækkaður á sama tíma og bankarnir voru í raun fallnir fyrir löngu.

Niðurstaðan varð Halli og Laddi: Látum sem ekkert C!

Nú, 34 árum eftir að fyrst var upplýst um það að Íslendingar stunduðu í raun rányrkju á jarðvarmasvæðunum með því að kunna sér ekki hóf heldur gengju á hlut komandi kynslóða, er enn kyrjaður samhljóma söngur, allt frá forsetanum og niður úr: Íslendingar viðhafa sjálfbæra þróun í orkunýtingu og eru í fararbroddi á heimsvísu í nýtingu endurnýjanlegra og hreinna orkugjafa!

Já, rétt eins og fyrir 34 árum hljómar sama niðurstaðan og þá í þessu efni enn hærra en þá og virðist ætla að hljóma áfram plata Halla og Ladda: Látum sem ekkert C!

AF NETINU

### Sigur Jónínu Leósdóttur yfir holdafari sínu

Hvar faldi betri helmingurinn sælgætið fyrir skáldkonunni?
Ef stórt er spurt er fátt um svör. En úr því að Landsdómur kemst ekki að raun um hvar peningar landsmanna eru faldir af bankastjórum í skattaskjólum, er ekki úr vegi að boltinn verði hjá Jóhönnu Sigurðardóttur, forsætisráðherra og hún svari til að mynda fyrirspurn hins fyrirspurnargóða Bjarna Benediktssonar á Alþingi:
Í hvaða sælgætisskjóli faldirðu súkkulaðið fyrir Jónínu Leósdóttur metsöluhöfundi?

http://blog.eyjan.is/gudbergur/

Guðbergur Bergsson

# Allar íbúðir eins

Í DAG



Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Á Íslandi er bannað að byggja hagkvæmar íbúðir. Ef einhver vill búa í lítilli íbúð þá má það ekki. Ef einhver telur sig ekki hafa þörf fyrir geymslu eða þvottahús þá veit ríkið betur. Það er eins og það gleymist að fólk geti verið ólíkt, og með ólíkar þarfir á mismunandi tímum.

Sérhæfingin er stærsti kostur borga. Ég þarf ekki að kunna að smíða eða sauma því ég bý í borg þar sem einhver kann það. Ég þarf ekki að rækta eigin matvöru. Það er til fólk sem passar börn mín á daginn og kennir þeim að lesa. Húrra fyrir sérhæfingunni!

Stundum þegar rýnt er í byggingarreglugerðir má fá það á tilfinninguna að þeir sem þeim ráða vilji alls ekki að fólk búi í borg. Þess vegna er verið að „bjarga" fólki frá því að búa í litlum íbúðum, bjarga því frá því að búa nálægt öðrum eða þurfa að fara úr húsi. Kannski býr gott að baki en kröfum um lágmarksstærðir og lúxusútbúnað fylgir kostnaður. Að auki er þannig komið í veg fyrir að kostir þéttbýlisins séu nýttir til fulls.

Nokkur dæmi úr gildandi reglum:

*„Hverju íbúðarhúsi skal fylgja leiksvæði barna á lóð."*

Í fyrsta lagi eru margir sem hvorki eiga börn né hyggjast eignast þau og hafa þar af leiðandi lítið með dekkjarólur í garðinum að gera. En það er annað í þessu. Því fleiri rólóvellir sem rísa, því færri börn verða á hverjum þeirra. Offjárfesting á rólum þýðir þannig ekki bara óþarfa kostnað heldur einnig verra mannlíf.

*„Eldhús skal ekki vera minna en 7 m2. Þó nægir eldhúskrókur í tengslum við stofu í íbúðum 50 m2 eða minni."*

Margir menn hafa á löngum tímabilum lífi sínu nákvæmlega ekkert með eldhús að gera. Af hverju má 22 ára gamall gaur ekki sleppa því að hafa eldavél sem hann notar aldrei? Af hverju má hann ekki nota plássið í annað eða sleppa plássinu og nota peninginn í annað? Og hvaða áhrif myndi það hafa ef færri íbúðir hefðu eldhús? Jú, við fengjum fleiri matsölustaði. Þvílík martröð fyrir borgarlífið!

*„Þvottaherbergi skal fylgja hverri íbúð."*

Í fyrsta lagi er ekkert mál að koma þvottavél fyrir á baði eða í eldhúsi. En af hverju er það síðan lífsspursmál að menn þurfi ekki að fara út úr húsi til að þvo föt? Það er fullkomlega rökrétt afstaða að vilja spara plássið og féð sem ella færi í þvottavél og þvo þvottinn úti í bæ. En nei! Allir þurfa að þvo sjálfir. Þar með er rekstrargrundvöllur fyrir hvers kyns almenningsþvottahús farinn.

*„Stærð sérgeymslu skal vera a.m.k. 2,5 m2 fyrir 35 m2 íbúðir eða minni og a.m.k. 6 m2 fyrir íbúðir sem eru 80 m2 eða stærri."*

Aftur, ef einhvern langar í geymslu þá er það fínt. En fjögurra fermetra geymsla kostar um það bil eina milljón króna. Hvers vegna á að skylda fólk til að greiða milljón krónur fyrir draslherbergi? Víða í stórborgum erlendis eru fyrirtæki sem sérhæfa sig í því að geyma kassa fyrir fólk, sækja þá jafnvel heim og koma þeim aftur til þeirra þegar þeir þurfa á þeim að halda. Markaður fyrir slíkri sérhæfðri þjónustu snarminnkar ef öllum er gert skylt að eiga geymslu.

> Margir menn hafa á löngum tímabilum í lífi sínu nákvæmlega ekkert með eldhús að gera.

Af nógu öðru er að taka. Hver íbúð verður að hafa eitt herbergi sem er 18 fermetrar að stærð, fjögurra fermetra svalir, gnótt bílastæða. Hús mega ekki standa of nálægt götu eða hvert öðru. Allt þetta eru reglur sem gera myndu borgir eins og New York, París eða Kaupmannahöfn kolólöglegar. Borgir sem milljónir manna hafa samt kosið að búa í.

Bjartar stofur, eldhús, svalir, geymslur og þvottahús eru allt fínustu gæði. En lög eiga ekki að skylda fólk til að borga milljónir fyrir rými sem það getur verið án. Það þarf ekki allt að miðast út frá barnafólki á miðjum aldri sem dreymir um að búa í sveit. Fólk er, jú, ólíkt. Af hverju þurfa þá allar íbúðir að vera eins?




Tónleikar í Guðríðarkirkju
Laugardaginn 10. mars kl. 17.30

Karlakórinn Heimir

Stjórnandi: Helga Rós Indriðadóttir
Undirleikari: Thomas R. Higgerson

www.heimir.is

Miðasala á www.midi.is
og við innganginn

HEIMIR



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**BOBBY FISCHER SKÁKMEISTARI** (1943-2008) fæddist þennan dag.
*„Ég trúi ekki á sálfræði, ég trúi á góða leiki.“*



*Alúðarþakkir fyrir hluttekningu og vinarþel við andlát*

**Ásu Guðmundsdóttur**

og fyrir að sýna minningu hennar sóma á útfarardegi.

**Guðmundur Þorgeirsson** — **Bryndís Sigurjónsdóttir**
**Gestur Þorgeirsson** — **Sólveig Jónsdóttir**
**Eiríkur Ingvar Þorgeirsson** — **Ragnheiður Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar ástkæri,*

**Guðmundur Kristjánsson**

vélstjóri,
frá Dunkárbakka, Hörðudal,
Krummahólum 8, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk föstudaginn 2. mars. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 9. mars kl. 13.00.

**Dagný Jónsdóttir og aðstandendur.**



*Elsku faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Eiríkur Egill Jónsson**

stýrimaður,

sem lést á Hrafnistu í Reykjavík 26. febrúar, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 9. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Slysavarnaskóla sjómanna.

**Guðlaug S. Eiríksdóttir** — **Elo Gartmann**
**Jón Ágúst Eiríksson** — **Elísabet Magnúsdóttir**
**Sigurbjörn Eiríksson** — **Elva Kristjánsdóttir**
**Helga Eiríksdóttir** — **Einar Bjarnason**
**afabörn og langafabörn.**



*Ástkæri maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, tengdasonur og bróðir,*

**Magnús Ingvar Ágústsson**

Hrísrima 31, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 4. mars sl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 12. mars kl. 15.00.

**Hjördís Hafsteinsdóttir**
**Berglind Magnúsdóttir** — **Heimir Jónasson**
**Auður Magnúsdóttir**
**Ágúst Magnússon** — **Áslaug María Sigurbjargardóttir**
**Stella Sveinbjörnsdóttir**
**barnabörn og systkini.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og vinur,*

**Ólafur Á. Egilsson**

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk í Reykjavík 4. mars sl., verður jarðsunginn fimmtudaginn 15. mars kl. 15 í Háteigskirkju.

**Egill Ólafsson** — **Tinna Gunnlaugsdóttir**
**Ragnheiður Ólafsdóttir** — **Pjetur Þ. Maack**
**Hinrik Ólafsson** — **Drífa Harðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**
**Margrét E. Guðmundsdóttir**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Gréta Halldórs**

Bakkahlíð 39, Akureyri,

lést á heimili sínu 3. mars.

**Helga Sigríður Kristjánsdóttir** — **Jón Þór Guðjónsson**
**Árni V. Kristjánsson** — **Ragnheiður Skúladóttir**
**Sverrir Þór Kristjánsson** — **Guðrún Hörn Stefánsdóttir**
**Margrét Jónína Kristjánsdóttir** — **Páll Pálsson**
**Kristján Ísak Kristjánsson** — **Sigríður G. Pálmadóttir**
**Gunnar Freyr Kristjánsson** — **Margrét Dögg Bjarnadóttir**
**Elín Íslaug Kristjánsdóttir** — **Kristinn Ágúst Ingólfsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



*Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Guðjóns Þorsteinssonar.**

Sérstakar þakkir færum við þeim sem veittu honum fyrstu aðhlynningu. Guð blessi ykkur öll.

**Elsa Borg Jósepsdóttir**
**Guðbjörn Jósep Guðjónsson**
**Þorsteinn Rúnar Guðjónsson**
**Sigrún Borg Guðjónsdóttir** — **Jón Kristjánsson**
**Kolbrún Guðjónsdóttir** — **Finnur Ingimarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Þökkum innilega fyrir samúð og hlýju við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og systur,*

**Katrínar Jónsdóttur**

Brekkubyggð 61, Garðabæ.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Líknardeildar Landspítalans Landakoti og hjúkrunarfræðingum hjá heimahjúkrun Garðabæjar fyrir einstaka umönnun og hlýhug.

**Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir** — **Ásgeir Örvarr Jóhannsson**
**Hanna Lilja Jóhannsdóttir** — **Lúðvík Örn Steinarsson**
**Hjördís Hildur Jóhannsdóttir** — **Ellert Kristófer Schram**
**og ömmubörn.**
**Sigríður Jónsdóttir** — **Ásgeir Guðmundsson**
**Gunnhildur Jónsdóttir** — **Gunnar M. Hansson**
**Þórarinn Jónsson** — **Anna Kristín Þórðardóttir**



**HUGVÍSINDI** Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri Hugvísindastofnunar, segir alla geta fundið eitthvað við sitt hæfi á Hugvísindaþingi 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HUGVÍSINDAÞING: ÁRLEGT SÍÐAN 1999

## Dickens, dauði og margt fleira

Hugvísindaþing 2012 verður haldið í aðalbyggingu Háskóla Íslands í dag og á morgun og í ár verður boðið upp á 27 málstofur um allt milli himins og jarðar. Meðal annars verður fjallað um Charles Dickens, gröf og dauða, matarmenningu, höfundarrétt, loftslagsumræðuna, þöglar kvikmyndir og kvæði, sálma og ljóð eftir konur og handa konum.

„Hugvísindaþing var fyrst haldið 1996 og hefur verið árviss viðburður síðan 1999,“ segir Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri Hugvísindastofnunar, spurð hversu langt sé síðan Hugvísindaþingi var hleypt af stokkunum. „Málstofurnar endurspegla breidd Hugvísindasviðs. Það er fjallað um skáldskap, nýjan og gamlan, innlendan og erlendan, tungumálið, sagnfræði, kirkjuna, ásýnd lands og fleira og fleira. Ég held það ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.“

Undir Hugvísindasvið heyra Deild erlendra tungumála, Íslensku- og menningardeild, Guðfræði- og trúarbragðafræðideild og Sagnfræði- og heimspekideild. „Lengi voru flestar þessar greinar kenndar í Heimspekideild,“ segir Margrét. „Hún breyttist síðan í Hugvísindadeild og árið 2008 sameinuðust Hugvísindadeild og Guðfræðideild og til varð Hugvísindasvið.“

Hugvísindaþingið hefur ekkert þema, þeir sem standa fyrir fyrirlestrum og málstofum hafa alfarið frjálsar hendur um efni og efnistök. „Umfjöllunarefnið er menning í breiðum skilningi,“ segir Margrét. „Margir eru að kynna rannsóknarverkefni sín og afrakstur þeirra. Hver fyrirlestur er þrjátíu mínútur og flestar málstofurnar standa í einn og hálfan tíma en sumar lengur. Í anddyri aðalbyggingarinnar verður yfirlit yfir hvað er fram í hvaða stofu og eins getur fólk kynnt sér málið á heimasíðunni okkar.“

Dagskráin hefst klukkan 13 í dag og stendur til 16.30. Á morgun hefst dagskrá klukkan 10 og lýkur klukkan 16.30. Hægt er að skoða dagskrá þingsins á heimasíðu Hugvísindastofnunar: hugvis.hi.is/hugvisindathing.

**fridrikab@frettabladid.is**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Sigurðardóttir**

Neðstaleiti 6, Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, þriðjudaginn 6. mars. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 14. mars kl. 15.00.

**Sigurður Viggó Grétarsson** — **Erna Björnsdóttir**
**Árni Grétarsson** — **Lene Salling**
**Bjarni Grétarsson**
**Gróa Ingibjörg Grétarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## UNGT TÓNLISTARFÓLK

**Nótan – uppskeruhátíð tónlistarskóla fer fram í þriðja sinn á laugardag og sunnudag en þátttakendur eru af öllu landinu | WWW.NOTAN.IS**


GEYSIR BISTRO & BAR
FERSKT & FREISTANDI
FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

SPENNANDI
SJÁVARRÉTTA TILBOÐ



BLÁSKEL & HVÍTVÍN 2.950 kr.
Hvítvínssoðin bláskel úr Breiðafirði ásamt hvítvínsglasi.



HUMARSALAT & HVÍTVÍN 2.250 kr.
Humarsalat með hægelduðum smátómötum, mangó, sultuðum rauðlauk og ristuðum cashew-hnetum ásamt hvítvínsglasi.

BORÐAPANTANIR Í SÍMA 517-4300

GEYSIR Bistro
Aðalstræti 2 / 101 Reykjavík / Sími: 517 4300 / www.geysirbistro.is




**BJARTSÝNN** Kári Viðarsson er bjartsýnn á að markmiðið um 100% mætingu Rifsbúa á tónleikana muni nást. MYND/ANTON

# STEFNIR Á ÍSLANDSMET Í MÆTINGU

***LANDIÐ** Leikarinn og leikstjórinn Kári Viðarson stendur fyrir tónleikum í Frystihúsinu á Rifi á sunnudaginn. Hann ætlar að fylla salinn með öllum 165 íbúum bæjarins og gera um það heimildarmyndina 100% mæting.*

Ég hef gengið á milli húsa, talað við Rifsarana og fengið mjög góð viðbrögð," segir Kári Viðarsson sem ætlar að fá alla íbúa Rifs á Snæfellsnesi, 165 að tölu, á tónleika í Frystihúsinu á sunnudaginn og slá þannig Íslandsmet í mætingu miðað við höfðatölu. Tónleikarnir eru þeir fyrstu í húsinu sem er nokkurs konar menningarmiðstöð og Kári hefur nýtt til leikhússýninga síðustu ár.

„Ég fékk þá hugmynd fyrir nokkru að búa til heimildarmynd um tilraun til að fá alla íbúa einhvers bæjar til að mæta á einn afmarkaðan viðburð og tæma þannig hús bæjarins eitt kvöld," segir Kári og telur Rif henta mjög vel fyrir slíka tilraun enda sé mikil og sterk eining meðal íbúa bæjarins. „Fólk hefur sýnt áhuga á að mæta jafnvel þó það viti ekki hvaða hljómsveitir munu spila," segir hann en Kári mun ekki gefa upp flytjendur á tónleikunum fyrr en þeir hefjast en fæst þó til að gefa upp að tónlistin sé fjölskylduvæn. „Þetta verður ekkert harðkjarnarokk eða breiðholts hipphopp. Bara frábærir listamenn sem spila ljúfa, einlæga og fallega tónlist fyrir Rifsara."

Hvað með aðra en Rifsbúa, mega þeir koma á tónleikana? „Nei, það er nú ekki illa meint en öðrum en Rifsurum er ekki boðið. Ég held hreinlega að það kæmust ekki fleiri fyrir í húsinu en bæjarbúar. Þetta er tilraun sem bara Rifsarar fá að taka þátt í," segir Kári glettinn í bragði.

Tökur á heimildarmyndinni 100% mæting fara fram samhliða tónleikunum. En hvað ef markmiðið næst ekki? „Þetta er auðvitað háleitt markmið og ekki víst að það muni nást. Heiti myndarinnar verður þó hið sama hver sem útkoman verður. Hún mun ekki heita 99 prósent mæting," svarar Kári hlæjandi „Fólk verður bara að horfa á heimildarmyndina til að sjá hvernig fór." ■ sg




### VAR FJÖLMENNT

***Rif er þorp á utanverðu Snæfellsnesi, á milli Hellissands og Ólafsvíkur. Í Rifi var til forna verslunarstaður. Þar var mikið útræði. Árið 1703 voru 1022 íbúar í Rifsumdæmi.***




Eva Sveinsdóttir
Margfaldur Íslandsmeistari í Icefitness

Þau vita hvað þarf til að ná árangri
enda afreksfólk í fremstu röð og vel að sér um næringu og heilsu.
Heilsuréttirnir okkar eru sérstaklega hollir og góðir, fullir af fersku grænmeti, nær fitulausir og án salts og sykurs. Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni.
Heilsuréttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.



Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Margfaldur BootCamp- og Crossfitt meistari Íslands

NINGS
TRANS FITA
MSG
Heilsuréttir Nings
og kroppurinn blómstrar
Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12
Sími 588 9899 • www.nings.is

# 20 KÍLÓ FARIN

*Ólafía Jónsdóttir ákvað á síðasta ári að taka sig í gegn. Hún sá auglýsingu frá Heilsuborg um námskeið sem nefnist Heilsulausnir.*



**GÓÐUR ÁRANGUR** Ólafía Jónsdóttir missti tuttugu kíló á hálfu ári í Heilsuborg. MYND/VILHELM

Eftir að ég sá auglýsinguna frá Heilsuborg fór ég á netið og skoðaði betur hvað var í boði. Ég hafði hugsað um það í talsverðan tíma að ég yrði að gera eitthvað í mínum málum. Ég var allt of þung,“ segir Ólafía sem starfar hjá Símanum.

„Námskeiðið er ætlað þeim sem glíma við offitu, sykursýki eða öðrum sem vilja bæta heilsuna sína. Tímarnir eru þrisvar í viku, á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum. Hreyfingin í tímunum er fjölbreytt en einnig er okkur kennt á tæki í sal. Í tímunum er farið nákvæmlega yfir mataræðið og einnig eru haldnir fyrirlestrar með næringarfræðingi, sálfræðingum og fleiri,“ segir Ólafía. „Námskeiðið er hugsað sem lífsstílsbreyting til frambúðar. Grunnnámskeiðið er tveir mánuðir en síðan er framhald sem nær yfir í eitt ár. Ég ákvað að taka allt árið, enda er það nauðsynlegt til að ná árangri.“

**ZUMBA-TÍMARNIR FRÁBÆRIR**

„Þar sem ég var ákveðin í að taka mig í gegn ákvað ég að mæta sex sinnum í viku. Auk þess breytti ég mataræðinu og minnkaði matarskammtana. Ég þarf að losa mig við 40 kíló og er þegar búin að missa 20 þannig að árangurinn er mjög góður. Á þriðjudögum og fimmtudögum fer ég í Zumba. Ég mæli eindregið með þeim tímum því kennarinn er frábær,“ segir Ólafía.

Hún segist finna mikinn mun á líðan sinni frá því að hún byrjaði í Heilsuborg. „Ég finn bæði mun á andlegri og líkamlegri líðan. Ég hef miklu meira þol, sef betur og vakna betur,“ segir Ólafía sem er 27 ára. „Ég reikna með að halda áfram eftir árið þar sem þessi nýi lífsstíll á vel við mig. Þar utan hef ég fengið afar jákvæð viðbrögð frá fólki í kringum mig sem er ánægjulegt.“



**FÍN AÐSTAÐA** Góður tækjasalur er í Heilsuborg með vönduðum tækjum. FÓLK/VALLI



# LÍFSSTÍLSBREYTING TIL FRAMBÚÐAR

**HEILSUBORG KYNNIR** *Heilsuborg býður upp á alhliða námskeið fyrir þá sem vilja bæta andlega og líkamlega líðan.*

Við bjóðum meðal annars upp á námskeið sem nefnist Heilsulausnir en það hentar vel þeim sem glíma við offitu, sykursýki eða aðra lífsstílstengda sjúkdóma. Á þetta námskeið kemur einnig fólk sem vill breyta um lífsstíl burtséð frá þyngdinni. Við viljum ekki kalla þetta átak heldur miklu fremur lífsstílsbreytingu til frambúðar,“ segir Haddý Anna Hafsteinsdóttir, íþróttafræðingur og verkefnastjóri námskeiða hjá Heilsuborg.

„Námskeiðið er byggt upp á hreyfingu þrisvar í viku. Fyrst fer fólk í heilsumat hjá hjúkrunarfræðingi. Þar er mæld grunnorkuþörf og einstaklingurinn fær ráðleggingar um mataræði miðað við þörf hvers og eins. Innifalin er ráðgjöf hjá sjúkraþjálfara og einstaklingsviðtöl hjá lækni og markþjálfa. Þar að auki er fjölbreytt fræðsla og stuðningur frá hinum ýmsu fagaðilum,“ greinir Haddý Anna frá.

**MIKILL ÁRANGUR**

„Heilsulausnir er 12 mánaða námskeið en við skiptum því upp í tveggja mánaða grunnnámskeið og 10 mánaða framhaldsnámskeið. Í tímunum er fjölbreytt hreyfing þar sem allir fá að vinna á eigin hraða. Hjúkrunarfræðingur kemur inn í tímann og fer yfir næringu og boðið er upp á huglæga atferlismeðferð.

Fólk hefur náð miklum árangri á þessu námskeiði. Það á jafnt við um andlega líðan sem líkamlega. Þeir sem hafa fundið fyrir einhvers konar verkjum í líkamanum, álagseinkennum eða þreytu hafa fundið mikinn mun á sér eftir að hafa farið á námskeiðið. Við höfum verið að þróa það allt frá byrjun og breytum eftir því sem reynslan kennir okkur,“ segir Haddý Anna.

**HEIMILISLEGT ANDRÚMSLOFT**

„Við höfum auk þess lagt áherslu á að hafa stöðina notalega og skapað heimilislegt andrúmsloft. Fólki finnst þægilegt að koma hingað og líður vel í þessu umhverfi. Hér starfar fagfólk, hvert á sínu sviði, sem leggur sig fram um að þjóna viðskiptavinum eftir þörfum hvers og eins. Hægt er að koma hingað til að fara í tækjasalinn, á námskeið eða eingöngu í heilsumat til hjúkrunarfræðings til að fá ráðleggingar.

Fyrir utan Heilsulausnir erum við með námskeið fyrir þá sem glíma við stoðkerfisvandamál, verki, gigt eða álagsmeiðsli. Einnig námskeið fyrir 60 ára og eldri sem hafa gaman af því að hittast, hreyfa sig og setjast niður í gott spjall á eftir. Konur á öllum aldri hafa verið að sækja hjá okkur kvennaleikfimina og ekki má gleyma Zumbatímunum sem eru mjög vinsælir,“ útskýrir Haddý Anna.

„Aðalmarkmið okkar er að fólk hreyfi sig og hugsi um heilsuna. Við vinnum með lausnir fyrir hvern og einn einstakling sem vill ná árangri með bættri heilsu og betri líðan.“



**NOTALEGT UMHVERFI** Haddý Anna Hafsteinsdóttir íþróttafræðingur starfar hjá Heilsuborg. MYND/VALLI

**Í FAXAFENI**

Heilsuborg var stofnað árið 2009 í húsnæði þar sem Hreyfing var áður að Faxafeni 14, sími 560 1010. Þeir sem vilja skoða námskeiðin geta farið inn á heimasíðuna **www.heilsuborg.is**


Ætlar þú að breyta um lífsstíl?



**Heilsulausnir** henta einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki.

**Hefst 12. mars**

**Stutt kynning í hádeginu 9. mars kl. 12:15 - Allir velkomnir**

*Að námskeiðinu standa m.a. læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraþjálfarar, næringarfræðingur, íþróttafræðingar og sálfræðingar.*

**Þjálfun á mán., mið. og fös. kl. 06:20, 10:00. 14:00 eða 19:30 (uppselt 19:30)**

Grunnnámskeið 2 mánuðir - Framhaldsnámskeið 10 mánuðir
**Tilboð:** Bæði grunn- og framhaldsnámskeið, 12 mánuðir, kr. 14.900 pr. mán

HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

9. MARS 2012

# Lífið

SELMA ÆTLAÐI AÐ VERÐA LÖGFRÆÐINGUR

SILJA ÚLFARSDÓTTIR MIÐLAR REYNSLUNNI

SVARTAR Á FRUMSÝNINGU



## LÉT FJARLÆGJA PIP-PÚÐANA

HARPA EINARS 100% NÁTTÚRULEG

# HEF LÆRT AÐ SEGJA SKOÐUN MÍNA UMBÚÐALAUST

## HELGA ARNARDÓTTIR UM REYNSLU SÍNA ÚR FJÖLMIÐLAHEIMINUM OG ÁSTRÍÐUNA FYRIR RANNSÓKNARBLAÐAMENNSKU

## HVERJIR VORU HVAR?



Það var stjörnufans á frumsýningu Vesalinganna á laugardagskvöldið en þar mátti sjá hina glæsilegu **Dorrit Moussaieff** og Ólaf Ragnar Grímsson, Geir H. Haarde og eiginkonu hans, Ingu Jónu Þórðardóttur, Jón Kaldal, ritstjóra Fréttatímans og Rögnu Sæmundsdóttur eiginkonu hans. Einnig voru þar **Jóhanna Sigurðardóttir** forsætisráðherra og Jónína Leósdóttir, eiginkona hennar.



Á Bar 101 síðar það kvöld var einnig margt um manninn og mikið fjör. Meðal annars vinkonurnar Birna Björns danshöfundur og Elín Reynis, stjörnusminka sem búsett er í Dubai. **Hera Björk** söngkona, Guðlaug Jónsdóttir, arkitekt sem búsett er í LA, Friðrik Ómar söngvari, Svavar Örn hárgreiðslumeistari og margir fleiri.



Lífið

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf.
**Umsjón** Elly Ármanns *elly@365.is* og Kolbrún Pálína Helgadóttir *kolbrunp@365.is*
**Forsíðumynd** Valgarður Gíslason
**Fatnaður Helgu:** ELLA
**Hálsmen og klútur Helgu:** Boutique Bella
**Förðun:** Margrét R. Jónasar.
**Útlitshönnun** Arnór Bogason
**Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is
**Lífið** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
www.visir.is/lifid

# 100% NÁTTÚRULEG

**Fatahönnuðurinn og listakonan Harpa Einarsdóttir opinberaði hugrekki sitt á dögunum þegar hún deildi því með ófáum vinum sínum og aðdáendum á samskiptasíðunni Facebook að hún hefði látið fjarlægja úr sér sílíkon-púðana sem hún fékk sér fyrir allnokkrum árum en hún var ein þeirra sem voru með hina umtöluðu PIP-púða.**

„Það var ekki ætlun mín að deila þessu og fékk ég skammir fyrir frá nánum ættingjum, en ástæða þess að ég er að tala um þetta opinberlega er sú að mig langar að biðja ungar stúlkur að hugsa sig tvisvar um áður en þær fara þessa leið, því það er ekki aftur snúið, sérstaklega þær sem hafa ekki átt börn. Mér finnst sorglegt hvað margar ungar konur í dag vilja líta út eins og klámmyndastjörnur, en það virkilega málið? Ég spyr, hvað er fegurð?

Við eigum að vinna meira í að rækta andann og líkamann á heilbrigðan hátt! Það á að virða kvenlíkamann fyrir það sem hann er! Konur ganga með börn og það er alltaf jafnmikið kraftaverk finnst mér og konur gefa brjóst sem er ótrúlega falleg athöfn."

### Grunaði strax að hún væri með PIP

Harpa var að ljúka við nýjustu fatalínu sína þegar PIP-málið kom upp og grunaði strax að hún væri með púðana. „Ég fékk púða hjá Jens árið 2001 eftir að hafa verið með dóttur mína á brjósti í þrettán mánuði. Ég var með afar lítið sjálfstraust á þessum tíma, og ekki með fituörðu á líkamanum. Ég var eins og tíu ára strákur í vextinum, einhleyp og óörugg, og ég hélt að þessi leið myndi hjálpa mér að vera öruggari með líkama minn." Raunin varð hins vegar önnur.

„Trúðu mér, púðarnir höfðu ekkert með mitt sjálfsöryggi að segja heldur hefur það byggst upp hægt og rólega með því að fylgja hjarta mínu og vinna við það sem ég elska!"



MYND/GIGJA EINARSDÓTTIR

### Slapp vel miðað við margar

Harpa segir þungu fargi af sér létt við að vera laus við PIP-púðana úr líkamanum. „Ég hef alltaf verið hálf stressuð yfir þessu og viljað losna við púðana í talsverðan tíma án þess að gera eitthvað í því. Þegar ég fór í skoðun kom í ljós að annar púðinn var sprunginn eins og hjá svo mörgum öðrum, en mig grunar að hann hafi verið sprunginn í nokkur ár. Ég fór til Jens fyrir um það bil fimm árum því mér fannst annað brjóstið eitthvað skrítið, hann varla skoðaði mig og sagði þetta vera örvefsmyndun, en mig grunar að þá hafi púðinn þegar verið sprunginn. Við skoðun fundust einnig tvö ber í sama brjósti þannig að um tíma hélt ég að ég væri líka með krabbamein, þetta tók virkilega á og ég var mjög tætt og með mikinn kvíða fyrir aðgerðinni. En ég slapp vel miðað við margar af þessum konum, ég var með mjög litla púða og missirinn því ekki mikill, ég hef heyrt margar hræðilegar sögur og þetta mál er allt skelfilegt og mjög erfitt fyrir margar konur, en við erum samt heppnar að búa á landi þar sem er svona gott velferðarkerfi og að við fáum púðana fjarlægða okkur að kostnaðarlausu.

Hvað Jens varðar, þá held ég að hann hefði aldrei notað þessa púða hefði hann vitað um skaðsemi þeirra, en það er gott að hrista upp í hlutunum og endurskoða hvernig staðið er að heilbrigðismálum í þessum geira, en það er svo sannarlega margt sem má betur fara," segir Harpa að lokum.

### SKRIFAÐ 27. FEBRÚAR INN Á VEF LANDLÆKNISEMBÆTTIS:

**Ómskoðanir vegna PIP-brjóstafyllinga í liðinni viku**
Í síðustu viku komu 33 konur í ómskoðun hjá Krabbameinsfélagi Íslands vegna PIP-brjóstafyllinga. Leki greindist frá púðum hjá 20 konum. Alls hafa þá 187 konur gengist undir þessa rannsókn hérlendis og hafa 58% greinst með leka. Ómskoðunum verður haldið áfram síðar í þessari viku samkvæmt áætlun.
*landlæknir.is*




# SINDRI ORÐINN PABBI

Sjónvarpsmaðurinn knái, Sindri Sindrason, hefur lítið sést á skjánum síðustu vikurnar enda nýorðinn pabbi. Sindri og Albert maðurinn hans fengu litla stúlku í fóstur á dögunum og er nú hugur þeirra og hjarta í því að hugsa um litlu dótturina. Sindri er mjög hamingjusamur heimavinnandi með litlu stelpunni sinni og brosir hringinn allan daginn við að annast hana. Það styttist þó í að Sindri snúi aftur á skjáinn því sú stutta hefur nú fengið pláss á Hjallaleikskólanum Laufásborg.



MYND/EINKASAFN SINDRA









Skemmtileg hönnun
á skemmtilegu verði

# HAY

Harpa / Skeifan 6 / Leifsstöð / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal











## ATHAFNAKONAN



# ÆTLAÐI AÐ VERÐA LÖGFRÆÐINGUR OG KÁNTRÍSÖNGKONA

MYND/GASSI

**Hver er konan?** Selma Björnsdóttir hérna megin.

**Starf?** Leikstjóri í Þjóðleikhúsinu, leikstjóri talsetninga í Myndformi, söngkona og leikkona.

**Bakgrunnur/menntun?** Verslunarskóli Íslands, Bristol Old Vic Theater School, Ferðamálaskóli Flugleiða, masterclass í Complete Vocal Technique.

**Hvernig kom það til að þú tókst að þér að leikstýra Vesalingunum?** Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri boðaði mig á fund sinn fyrir tæpu ári síðan og bauð mér þetta glæsilega verkefni. Ég þurfti ekki að hugsa mig lengi um.

**Ætlaðir þú alltaf að verða leikstjóri?** Ó nei! Ég ætlaði að verða lögfræðingur og kántrísöngkona í Dallas. Er reyndar kántrísöngkona í frístundum en get ekki sagt að lögfræðin heilli mig lengur.

**Megum við eiga von á að sjá þig aftur á sviði?** Já já, er einmitt að fara að stökkva inn í tvær leiksýningar núna í mars og apríl. Annars vegar Dubbeldusch með Vesturporti í Gamla bíói í lok mars og hins vegar Rómeó og Júlíu með Vesturporti í Borgarleikhúsinu í apríl.

**Áttu þér draumaverkefni?** Já en þau eru leyndó. Vil ekki að aðrir viti um þau fyrr en þau verða að veruleika.

**Hvernig gengur að samtvinna ferilinn og móðurhlutverkið?** Það gengur vel. Þegar ég tek stór verkefni að mér skipulegg ég mig vel og set líf mitt í mjög fastar skorður til að ná að klára dagsverkið. Svo á ég stórkostlega foreldra sem hjálpa mér mikið og systur og vini sem leggja mér lið.

**Hvað gerirðu þegar þú ert ekki að vinna?** Mér lætur illa að hafa lítið að gera því þá hellist yfir mig þvílík leti að ég geri ekki handtak! En þegar ég á lausa stund frá vinnu þá fer ég í ræktina til hennar Ásthildar Björnsdóttur í Laugum og hún pískar mér út, hitti vini mína, fer í sund, út að borða, í leikhús, í sveitina og margt fleira.

**Hvert er þitt mottó í lífinu?** Að gera betur í dag en í gær, njóta hverrar stundar, hlæja brjálæðislega, elska fólkið mitt og vini mína og lifa í núinu.



ÓLÖF ÁGÚSTA KARLSDÓTTIR LÆKNARITARI



SIGRÍÐUR EYRÚN FRIÐRIKSDÓTTIR LEIKKONA



TINNA GUNNLAUGSDÓTTIR LEIKHÚSSTJÓRI

# GLÆSILEGAR Á FRUMSÝNINGU

**Vesalingarnir, einn allra vinsælasti söngleikur leikhússögunnar, var frumsýndur á fjölum Þjóðleikhússins í flutningi einvala liðs leikara og söngvara um síðustu helgi. Frumsýningargestir voru glæsilegir í hátíðarskapi.**

MYNDIR/ELLÝ OG KOLBRÚN



ANDREA GYLFADÓTTIR SÖNGKONA



SIGRÍÐUR THORLACIUS SÖNGKONA



ÞÓRA SIGURÐARDÓTTIR RITHÖFUNDUR



KRISTBJÖRG SIGURÐARDÓTTIR FJÁRFESTIR



UNNUR ÖSP STEFÁNSDÓTTIR LEIKKONA


# Fyrir fermingarveisluna



**Kjólar í miklu úrvali st. 36-48**
**Verð frá 14.990**

FLASH

**Laugaveg 54, sími: 552 5201**

Vertu vinur

# Íslensk og erlend hönnun

Í Minju finnur þú fallega hönnun, skrautmuni og gjafvörur fyrir öll tækifæri!



## „Veld'ðérnef"

Partýglös. 24 glös í pakka. kr. 1.580,-



## Hani, krummi, hundur, svín

Veggskraut með 4 snögum.
Kr. 11.900,-



## Skartgripatré

Vandað skartgripatré.
Kr. 3.350,-

## Eilífðardagatal frá MoMA



Einstök hönnun
frá nútímalistasafni
New York borgar.
Aðeins kr. 8.400,-

## Rammaklukka



Settu
fjöldskyldumyndirnar
í klukkuna.
2 litir, svart og silfurgrátt.
Kr. 3.200,-

*Steyptu ísköld staup úr köldum klaka!*



## Klakastaup

Klakaform til að steypa
klakastaup. Kr. 2.190,-

## High Heel kökuspaði



High Heel kökuspaði.
Kr. 2.790,-



Espresso mál.....kr. 2.100,-
Lítið mál............kr. 2.290,-
Miðlungs mál....kr. 2.490,-
Stórt mál...........kr. 2.690,-

## KeepCup kaffimál

Margar stærðir og litir!

## Stóra tímahjólið

3 litir, svart, brons og
hvítt. Kr. 18.600,-



*Úrval af nýstárlegum klukkum!*

KRAFTAVERK

## Kjarnapúðar

Fylltir kirsuberjakjörnum,
hitaðir í örbylgju til að
lina bólgna og stífa
vöðva. Kr. 3.900,-





*EF 24 -105 mm*

## Linsukrús

Kaffikrús í dulargervi.
Kr. 2.490,-



## Rjómaferna

„Half pint" glerkanna
Undir kaffirjóma.
Kr. 3.390,-



## Magnet vasar

Mögnuð borðskreyting.
5 í pakka. Kr. 6.900,-



## Palletta

Lítið „vörubretti"
undir heita potta.
Kr. 2.290,-



## Fálkapeysa

Handprjónuð peysa
úr léttlopa.
Kr. 29.900,-



## Kríur

Sjalflímandi veggskraut
(3 saman) Kr. 3.500,-

minja Design

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 12 • SÍMI 578 6090 • www. minja.is

## AUGLÝSING: WELEDA KYNNIR

### ALMOND FACIAL CARE

eða möndluandlitsvörulínan frá Weleda er lyktarlaus andlitslína og er sérstaklega þróuð fyrir viðkvæma húð (rósroða).

Fæst í heilsuvöruverslunum.





**HELGA ARNARDÓTTIR**

**ALDUR:** 32 ára

**STARF: FRÉTTAMAÐUR Á STÖÐ 2**

**MENNTUN:** BA í stjórnmálafræði og frönsku frá Háskóla Íslands og MA í international Journalism frá City University of London

**MAKI:** Reynir Örn Þrastarson

# HEF LÆRT AÐ SEGJA SKOÐUN MÍNA UMBÚÐALAUST

**Helga Arnardóttir hlaut Blaðamannaverðlaun Íslands nýverið fyrir umfjöllun um endurupptöku Guðmundar- og Geirfinnsmálsins í Íslandi í dag. Helga stefndi alltaf á lögfræðinám en segir örlagaríkt viðtal sem hún tók hafa ráðið því að hún valdi blaða- og fréttamennsku. Helga deildi skoðunum sínum á fjölmiðlaheiminum, rannsóknarblaðamennsku og fleira áhugaverðu með Lífinu.**



**Segðu okkur aðeins frá ferli þínum!** Ég byrjaði að skrifa í Stúdentablað Háskóla Íslands 2003 sem ég síðar ritstýrði og gaf út í 70.000 eintökum. Það var sannarlega góð byrjun á ferlinum og gaf mér víðtæka reynslu. Sumarið 2004 hóf ég svo störf sem næturfréttamaður hjá RÚV þar sem mér voru kennd grundvallaratriði fréttamennsku undir styrkri stjórn næturfréttamannsins Kristófers Svavarssonar. Þetta var langþráð starf og mér fannst ég afskaplega heppin að vera ráðin. Þetta sumar var lærdómsríkt og lagði grunninn að þekkingu minni í faginu. Ég starfaði á Rúv, bæði hjá útvarpinu og sjónvarpinu, til 2007 með skóla og var svo ráðin á Stöð 2 sama ár. Þar hef ég verið til dagsins í dag og hef ekki tölu á þeim fjölda frétta sem ég hef unnið.

**Stefndirðu alltaf á að starfa í fjölmiðlum?** Ég stefndi fyrst á lögfræði en sá svo að það hentaði mér ekki. Þegar ég hóf nám í stjórnmálafræði sá ég hvað félagsvísindin heilluðu mig miklu frekar og þá vaknaði áhuginn á fjölmiðlum. Ég var beðin um að skrifa í blað sem Kraftur, samtök ungs fólks með krabbamein gaf út. Það var örlagaríkt viðtal sem ég tók fyrir blaðið en ég ræddi við Önnu Pálínu Árnadóttur söngkonu sem lést síðar langt fyrir aldur fram úr sínum sjúkdómi. Að fá tækifæri til að tala við þessa konu og heyra hugleiðingar hennar um veikindin og áhrif þeirra var mér hreinlega ómetanlegt og staðfesti mína sannfæringu um að ég vildi verða blaða- og fréttamaður. Hugleiðingar Önnu Pálínu mótuðu mig fyrir lífstíð og ég hugsa oft til hennar því hún tók á þessum sjúkdómi með svo einstöku hugarfari. Ég hugsa líka oft um það hvernig ferill minn hefði farið hefði ég ekki hitt hana því hún virkilega hafði áhrif á mig.

**Áttu þér ákveðnar fyrirmyndir í fjölmiðlaheiminum?** Fyrirmyndir mínar í fjölmiðlum hafa alltaf verið sterkar fjölmiðlakonur og þar má nefna Eddu Andrésdóttur, Thelmu Tómasson, Elínu Hirst o.s.frv. Þetta eru sterkar, kjarkmiklar kvenfyrirmyndir og miklir brautryðjendur í íslensku fréttaumhverfi.

**Hvernig er að vera kona í þessu umhverfi í dag?** Ég fann sérstaklega fyrir því að ég væri kona þegar ég var að byrja í fréttamennsku. Þá var ég frekar óreynd og ný í faginu. Með árunum hef ég hins vegar lært að brýna klærnar, segja skoðun mína umbúðalaust hátt og skýrt og finnst þetta minna mál í dag. Ég þyki samt alveg viðkvæm en reynslan og tíminn hafa líka gert mig sterkari. Mínir karlkynsstarfsfélagar á Fréttastofu

Framhald á síðu 8




# GOTT BRAGÐ FYRIR
# HEILBRIGÐAR TENNUR...

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

”

**Ég hugsa að konur af annarri kynslóð hafi þurft að mæta miklu meira andstreymi af hálfu karlmanna í fréttamennskunni hér á árum áður. Jafnréttið er held ég komið inn í genetíska vitund jafnaldra minna að miklu leyti.**





Framhald af síðu 6

Stöðvar 2 eru miklir ráðgjafar mínir og styðja við bakið á mér í hvert sinn sem ég þarf á að halda. Það er allt annað hugarfar hjá karlkyns jafnöldrum mínum en þeim eldri. Við erum jafningjar og leitum óhikað hvert til annars. Ég hugsa að konur af annarri kynslóð hafi þurft að mæta miklu meira andstreymi af hálfu karlmanna í fréttamennskunni hér á árum áður. Jafnréttið er held ég komið inn í genetíska vitund jafnaldra minna að miklu leyti.

**Til hamingju með Blaðamannaverðlaunin – hvaða merkingu hefur þessi viðurkenning fyrir þig persónulega?** Þetta hefur mikið að segja fyrir mig og mín störf, það er mjög ánægjulegt að fá viðurkenningu fyrir það sem maður gerir. Mér þykir gott að Guðmundar- og Geirfinnsmálið nái athygli almennings að nýju þótt ég hugsi oft til ættingja þessara manna. Það er örugglega erfitt að verið sé að rifja upp hluti sem vekja upp erfiðar minningar. Það er hins vegar líka sársauki hjá sakborningum málsins og því megum við ekki gleyma. Ættingjar og aðstandendur Sævars Ciesielski hafa barist fyrir því að málið yrði endurupptekið og rannsakað frekar frá því að Sævar dó síðastliðið sumar. Hann barðist fyrir því alla sína tíð frá því hann lauk afplánun með engum árangri. Loksins var ákvörðun tekin um að stofna starfshóp til að rannsaka þessa umdeildu sakamálarannsókn sem átti sér stað og ég bind miklar vonir við að hún varpi nýju ljósi á málið. Maður veit hins vegar aldrei hvernig þessi mál fara og enn í dag er réttarkerfið íhaldssamt og á erfitt með að viðurkenna mistök sín. Við blaða- og fréttamenn þurfum að vera duglegir að halda málinu á lífi þangað til sannleikurinn kemur fram, hver sem hann kann að vera.

**Hvaða skoðun hefur þú almennt á íslenskum fjölmiðlum í dag?** Ég hef miklar skoðanir á íslenskum fjölmiðlum, og ættingjum og vinum finnst ég örugglega óþolandi þegar ég sit við sjónvarpið og horfi á fréttir. Mér finnst mikilvægt að fólk átti sig á því hvað við erum að framleiða margar fréttir í svona mörgum fjölmiðlum í þessu litla samfélagi. Það er framleiðslukrafa á fjölmiðla landsins nánast 365 daga á ári. Það eru gerðar kröfur til okkar um að leita nýrra frétta og vinkla allt upp á nýtt upp á hvern einasta dag. Mér finnst fólk stundum ekki átta sig á því hvað við eigum duglega blaða- og fréttamenn sem leggja mikla vinnu í sín störf.

**Telurðu rannsóknarblaðamennsku nægilega vel sinnt hér á landi?** Miðað við það umhverfi sem við lifum við í dag er lítið fjármagn aukalega til að sinna rannsóknarblaðamennsku þar sem framleiðslukrafan er í forgangi og lítill mannafli til að sinna rannsóknum. Ég byrjaði í mínum frítíma að vinna í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu í fyrrasumar og það tók mig heilan mánuð að framleiða klukkutíma af efni þar sem sjónvarpsframleiðslan getur verið þung og tímafrek. Það er alls ekki sjálfgefið í dag að taka sér svona langan tíma til rannsókna eins og umhverfið er. Ritstjórar okkar vilja svo gjarnan að við rannsökum mál ítarlega en það kostar fjarveru úr daglegri framleiðslu og miðað við það fjármagn sem einkareknir fjölmiðlar búa við í dag er það mjög erfitt.

**Hvernig telurðu að hægt sé að ýta undir aukna rannsóknarblaðamennsku?** Ég fagna tilkomu Miðstöðvar í rannsóknarblaðamennsku sem nýlega var stofnuð og er í húsakynnum Háskóla Íslands. Markmið hennar er að auka veg rannsóknarblaðamennsku, styrkja tengslanet milli blaða- og fréttamanna út um allan heim þvert á landamæri og reyna að stuðla að frekari rannsóknum í blaðamennsku. Það getur verið dýrt og tímafrekt að sinna rannsóknarblaðamennsku, það kostar að afla sér ýmissa gagna og það krefst þess líka að fólk fái hlé frá hinni daglegu framleiðslu. Fjölmiðlar, sérstaklega þeir einkareknu, lifa í erfiðu fjár-

## UPPÁHALDS

**Tímarit:** Eurowoman og Writer´s Digest
**Heimasíða:** www.lifraent.is og www.visir.is
**Veitingastaður:** Gló og Einar Ben
**Verslun:** Lifandi markaður og Ilse Jacobsen í Garðabæ
**Hönnuður:** Filippa K og ELLA
**Dekur:** Dýrindis máltíð sem sambýlismaður minn gerir
**Líkamsrækt:** World Class þegar tími gefst sem er alltof sjaldan.






hagslegu umhverfi í dag og þeir þurfa að sníða sér stakk eftir vexti. Þeir hins vegar vilja líka sinna rannsóknarblaðamennsku en það er bara ekki svigrúm til þess í mörgum tilvikum. Þess vegna skil ég ekki af hverju stjórnvöld hafa ekki stutt frekar við rannsóknarblaðamennsku í landinu með auknum fjárveitingum eins og gerist á Norðurlöndunum. Það verður að ræða opinskátt hvernig hægt er að styrkja blaðamenn til frekari rannsókna, því sú tegund blaðamennsku á verulega undir högg að sækja um allan heim. Viljum við að hún hverfi hér á landi? Það eru margir fyrrverandi blaða- og fréttamenn á þingi og mér finnst hreinlega að þeir ættu að taka höndum saman og koma þessu í farveg. Auðvitað verður að passa hagsmunaárekstra sem kunna að verða við það að hið opinbera styrki rannsóknir blaðamanna en þetta verður bara að ræða á faglegum grundvelli. Á Norðurlöndunum er sams konar fyrirkomulag og það virðist ríkja sátt um það.

**Hvernig fer nokkuð venjulegur dagur í þínu starfi fram?** Ég var afskaplega þakklát þegar ég fékk að fara yfir í Ísland í dag. Það þýðir að ég hef meiri tíma til að vinna fréttaskýringar og önnur mál. Markmið þáttarins er að hafa sem mesta breidd og fjölbreytt efni sem allir ættu að hafa áhuga á. Ég get tekið allt fyrir sem ég hef áhuga á að gera og hef fengið mikið svigrúm til þess. Samstarfsfólk mitt í Íslandi í dag er einstaklega skemmtilegt og það eru forréttindi að hlakka til að mæta í vinnuna. Þetta er skapandi og kröftugur hópur sem gaman er að vera í kringum og það sama á við um fréttastofuna sem maður umgengst alla daga. Stundum koma hektískir fréttadagar eins og eldgos, jarðskjálftar eða stórtíðindi úr pólitíkinni. Þá er mjög gaman. Núna er Landsdómur í forgrunni í allri umfjöllun. Sumir dagar geta síðan verið þægilegir og nógur tími gefst til að vinna hin fjölbreyttustu mál. Ég er mjög áhugasöm um sakamál og hef verið að fjalla um þau að undanförnu en síðan finnst mér ofsalega gefandi að vinna mál úr heilbrigðis- og skólakerfinu. Ég hef gaman af því að hitta nýtt fólk og fjalla um ólíkustu hluti, ég held ég gæti ekki verið í betra starfi. Maður veit líka aldrei hvernig dagurinn verður þegar maður starfar sem fréttamaður, það er það skemmtilegasta í faginu.

**Þú ert í álagsstarfi – hvað gerirðu fyrir sjálfið þegar þú ert ekki að störfum?** Þegar ég hef tíma þá reyni ég að fara í hotjóga og gleyma mér þar. Ég er mikil áhugamanneskja um heilbrigt mataræði og get alveg gleymt mér við að búa til græna drykki og sjeik við miklar vinsældir sambýlismanns míns eða þannig. Ég er líka mikið að stúdera hráfæði þó ég sé á þeirri skoðun að ég gæti ekki eingöngu verið á því í þessu kalda landi. Ég elska smjör, rjóma og íslenskt lambakjöt alltof mikið til að sleppa því. Það eru hins vegar meiri líkur á því að við höldum heilsunni okkar ef við borðum hreinan og heilbrigðan mat. Göngutúrar, sund og lestur góðra bóka eru líka í uppáhaldi.

**Hvar sérðu sjálfa þig eftir tíu ár?** Ég sé mig í fjölmiðlum ýmist í sjónvarpi, útvarpi eða á blaði. Ég hef aldrei unnið á dagblaði á mínum fréttaferli og það er eitthvað sem ég gæti alveg hugsað mér þegar ég fæ leið á ljósvakahraðanum. Mig langar líka að skrifa bækur. Ég er með nokkrar hugmyndir í kollinum sem ég vona að ég geti einhvern tímann sett niður á blað. Síðan finnst mér að ég verði að skrifa eina eða tvær ævisögur. Sjálf elska ég að lesa slíkar bækur og er með nokkrar konur í huga sem mig langar að skrifa um.

**Áttu þinn uppáhaldsfrasa?** „Fyrsta frétt er ekki fyrsta frétt nema hún sé fyrsta frétt,“ Logi Bergmann. Þetta er minn uppáhaldsfrasi í vinnunni. Hann þarf ekki að útskýra fyrir neinum fréttamanni sem starfar á ljósvaka.



AUGLÝSING: OROBLU KYNNIR

# STÓRGLÆSILEG TÍSKUSÝNING Á

**Glæsileg tískusýning var haldin á konukvöldi í Smáralind þar sem Make up artistar Maybelline sáu um alla förðun, Baldur Rafn og Theodóra Mjöll frá Label M sáu um hárið, Tinna og Ási frá Eskimo stíliseruðu flotta tískusýningu með Eskimo modelum í samstarfi við Oroblu sokkabuxur þar sem sýndir voru nýjustu straumarnir fyrir vor og sumar ásamt nýju línunum frá Karen Millen, Oasis, Saints, Top Shop, Dorothy Perkins, Corner, 3 Smárum, Orginal, Monroe, Vila og Selected.**

› Sjá nánar á visir.is/lifid


Vor- og sumarlínan frá Oroblu er mjög litrík, munstrótt, doppur, rendur og net. Hver kona finnur draumabuxurnar sínar.

## BAK VIÐ TJÖLDIN


Baldur Rafn og Theodóra Mjöll frá Label M sáu um gera hárið á fyrirsætunum í anda 50‘s Sophiu Loren.


Anna Kristín, förðunarfræðingur hjá Maybelline, að setja eye-liner á módelið.



Erna Hrund, förðunarfræðingur hjá Maybelline, leggur lokahönd á módelið með nýjum High Shine varalit frá Maybelline.



allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg







**Pylsubrauð**
hatting frosin pylsubrauð
á danska vísu

**Danskar pylsur**
ekta danskar pylsur



**French dog dressing**
dressing fyrir pylsubrauð og pylsur







**Svínasíða**
ribbensteg að dönskum sið




**Fylltar svínalundir**
með gráðaosti




**Hamborgarhryggur**
að dönskum sið




**Svínabuff**
að dönskum sið




**Klovn sjónvarpsþættirnir**




**Graasten brauðsalöt**
9 tegundir




**Víking rúgbrauð, 1 kg**
beint frá Danmörku




**Sambökuð rúnstykki**
Nýtt




**3 Stjernet Salami**




**Dönsk súkkulaðiterta**




**Hatting brauð**
3 tegundir




**Guld súkkulaðistangir**
7 tegundir

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# sport

sport@frettabladid.is



**KATRÍN ÓMARSDÓTTIR** er búin að finna sér lið því hún hefur ákveðið að spila með sænska liðinu Kristianstads DFF í ár. Katrín spilaði einnig með liðinu sumarið 2010 en Elísabet Gunnarsdóttir þjálfar Kristianstad og hjá liðinu spila íslensku landsliðskonurnar Sif Atladóttir og Guðný Björk Óðinsdóttir. Katrín, sem er 25 ára miðjumaður, var að leita sér að liði síðan að ekkert varð af tímabilinu í Bandaríkjunum en hún var búin að semja við Philadelphia Independence.

## ÚRSLIT Í GÆR

*N1 deild karla í handbolta*

**Akureyri - HK 31-28 (12-14)**

**Mörk Akureyrar (skot):** Bjarni Fritzsson 9/3 (14/4), Geir Guðmundsson 8 (16), Heimir Örn Árnason 5 (7), Guðmundur H. Helgason 3 (3), Bergvin Þór Gíslason 2 (3), Hörður Fannar Sigþórsson 2 (4), Oddur Gretarsson 2 (4), Heiðar Þór Aðalsteinsson (1),
**Varin skot:** Sveinbjörn Péturss. 17 (45/2, 38%),
**Hraðaupphlaup:** 10 (Bjarni 5, Heimir Örn 2, Geir, Guðmundur, Hörður Fannar)
**Mörk HK (skot):** Bjarki Már Elísson 8/2 (11/2), Leó Snær Pétursson 5 (7), Tandri Már Konráðsson 5 (10), Atli Ævar Ingólfsson 4 (5), Ólafur Bjarki Ragnarsson 3 (9), Vilhelm Gauti Bergsveinsson 1 (1), Bjarki Már Gunnarsson 1 (1), Atli Karl Bachmann 1 (3),
**Varin skot:** Arnór Freyr Stefánsson 14 (38/2, 37%), Björn Ingi Friðþjófsson 4/1 (11/2, 36%),
**Hraðaupphlaup:** 12 (Bjarki Már E. 4, Leó Snær 3, Ólafur Bjarki 2, Tandri Már , Atli Ævar, Bjarki Már G.)

**Fram - Afturelding 30-25 (11-13)**

**Mörk Fram (skot):** Róbert Aron Hostert 9 (15), Jóhann Gunnar Einarsson 6 (10), Ægir Hrafn Jónsson 4 (7), Stefán Baldvin Stefánsson 3 (3), Elías Bóasson 2 (2), Einar Rafn Eiðsson 2/1 (4/2), Sigfús Páll Sigfússon 1 (2), Ingimundur Ingimundarson 1 (2), Jóhann Karl Reynisson 1 (2), Jón Jónsson 1 (2), Sigurður Eggertsson (1),
**Varin skot:** Magnús Erlendsson 18 (38/4, 47%), Sebastian Alexandersson 3 (7/1, 43%),
**Mörk Aftureldingar (skot):** Jóhann Jóhannsson 5/2 (6/2), Pétur Júníusson 4 (6), Sverrir Hermannsson 4 (12), Jón Andri Helgason 3 (4), Helgi Héðinsson 3/3 (5/3), Aron Gylfason 2 (6), Böðvar Páll Ásgeirsson 2 (6), Mark Hawkins 1 (1),
**Varin skot:** Davíð Svansson 11/1 (38/2, 29%), Hafþór Einarsson 1 (4, 25%),

**Valur - FH 28-27 (15-15)**

**Mörk Vals (skot):** Anton Rúnarsson 8 (14), Sveinn Sveinsson 5 (7), Orri Freyr Gíslason 4 (4), Sturla Ásgeirsson 4/2 (7/2), Valdimar Fannar Þórsson 3 (6), Agnar Smári Jónsson 2 (4), Sigfús Sigurðsson 1 (2), Magnús Einarsson 1 (3),
**Varin skot:** Hlynur Morthens 14 (36/2, 39%), Ingvar K. Guðmundsson 1 (6, 17%),
**Mörk FH (skot):** Ólafur Gústafsson 7 (13), Sigurður Ágústsson 6 (6), Örn Ingi Bjarkason 4 (5), Hjalti Þór Pálmason 3/2 (5/3), Andri Berg Haraldsson 3 (6), Ragnar Jóhannsson 3 (7), Þorkell Magnússon 1 (3/2), Halldór Guðjónsson (1),
**Varin skot:** Daníel Freyr Andrésson 13 (40/2, 33%), Pálmar Pétursson (1, 0%),

**Grótta - Haukar 23-20 (13-12)**

Mörk Gróttu: Þorgrímur Smári Ólafsson 9, Jóhann Gísli Jóhannesson 4, Þráinn Orri Jónsson 4, Ágúst Birgisson 2, Kristján Orrri Jóhannsson , Þórir Jökull Finnbogason 2.
Mörk Hauka: Stefán Rafn Sigurmannsson 8, Gylfi Gylfason 4, Freyr Brynjarsson 3, Sveinn Þorgeirsson 2, Tjörvi Þorgeirsson 1, Árni Steinn Steinþórsson 1, Matthías Árni Ingimarsson 1.

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **17** | **10** | **3** | **4** | **454-424** | **23** |
| Haukar | 17 | 11 | 1 | 5 | 412-375 | 23 |
| **Akureyri** | **17** | **10** | **2** | **5** | **469-419** | **22** |
| HK | 17 | 10 | 1 | 6 | 469-442 | 21 |
| **Fram** | **17** | **9** | **1** | **7** | **429-431** | **19** |
| Valur | 17 | 7 | 4 | 6 | 451-431 | 18 |
| **Afturelding** | **17** | **3** | **1** | **13** | **395-462** | **7** |
| Grótta | 17 | 1 | 1 | 15 | 389-484 | 3 |



**SVEINN ARON SVEINSSON** Skoraði sigurmark Vals í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÓTRÚLEGUR** Lionel Messi fagnar einu fimm marka sinna gegn Leverkusen í fyrrakvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# Hinn fullkomni leikmaður

**Lionel Messi hefur enn og aftur skráð nafn sitt í sögubækur knattspyrnunnar. Hann varð fyrsti maðurinn til að skora fimm mörk í einum leik í Meistaradeildinni og er á góðri leið með að slá öll markamet sem hann á möguleika á að slá.**

**FÓTBOLTI** Argentínumanninum Lionel Messi hefur margoft verið hampað sem besta knattspyrnumanni heims og hann sýndi á miðvikudagskvöldið að hann er lofsins verður. Þá varð hann fyrsti maðurinn í sögu Meistaradeildar Evrópu til að skora fimm mörk í einum og sama leiknum, 7-1 sigri Barcelona á þýska liðinu Bayer Leverkusen.

„Hann er sá besti frá upphafi. Hann á engan sinn líka og við munum aldrei sjá annan leikmann eins og hann. Hásætið er hans og aðeins hann sjálfur mun ákveða hvenær hann stígur til hliðar,“ sagði stjórinn Pep Guardiola eftir leikinn gegn Leverkusen. Og hann hélt áfram:

„Hann er ekki að hugsa um að bæta metin. Hann skorar eitt og reynir svo að skora aftur. Svo skorar hann og þá vill hann skora þriðja markið. Svona hugsar hann.“

Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, hefur fylgst náið með Messi í gegnum tíðina og getur ekki annað en tekið undir með þeim sem segja að hann sé besti knattspyrnumaður sem uppi hefur verið.

### Messi hefur tekið við af Maradona

„Hann er bara ótrúlegur,“ segir Heimir. „Hann er sá maður sem kemst næst því að vera hinn fullkomni leikmaður. Hann býr yfir ótrúlegri tækni, mjög góðu jafnvægi og fyrir utan það að skora öll þessi mörk er hann líka mjög duglegur við að búa þau til. Hann skilar líka góðri varnarvinnu af sér eins og er nauðsynlegt í þeirri knattspyrnu sem Barcelona spilar. Diego Maradona var alltaf sá besti sem hefur spilað í mínum huga en ég held að Messi sé nú sá besti frá upphafi. Hann er 24 ára gamall en hefur unnið allt sem hægt er að vinna með Barcelona og það oftar en einu sinni.“

### Auðmýktin uppmáluð

Heimir sagði einnig skipta máli mann Messi hefur að geyma. „Hann virðist afar auðmjúkur og laus við allan hroka. Hann er sparkaður niður margoft í leikjum en alltaf stendur hann það af sér. Það væri seint hægt að saka hann um leikaraskap.“

**Töframaðurinn Messi**

**Lionel Messi** skoraði fimm mörk í **7-1** stórsigri **Barcelona** gegn **Bayer Leverkusen**. Argentínumaðurinn er sá fyrsti í sögunni sem skorar fimm mörk í leik í **Meistaradeild Evrópu**.




**FLEST MÖRK Í MEISTARADEILDARLEIK**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2012 | **Lionel Messi** | Barcelona | **5** |
| 2011 | **Bafetimbi Gomis** | Lyon | **4** |
| 2010 | **Lionel Messi** | Barcelona | **4** |
| 2005 | **Andriy Shevchenko** | AC Milan | **4** |
| 2004 | **Ruud van Nistelrooy** | Man Utd | **4** |
| 2003 | **Dado Pršo** | Mónakó | **4** |
| 2000 | **Simone Inzaghi** | Lazio | **4** |
| 1992 | **Marco van Basten** | AC Milan | **4** |

MYND/GETTY ©GRAPHIC NEWS

Messi er í frábæru liði og spilar með mörgum bestu leikmönnum heims sem hefur vitanlega mikið að segja. „Það má ekki gleyma því. Í leiknum gegn Leverkusen fékk hann frábæra þjónustu en eins og Guardiola hefur minnst á sjálfur að þá eru allir þessir frábæru leikmenn sífellt að leita eftir tækifæri til að senda boltann á Messi – enda vita þeir að hann mun annað hvort skora eða leggja upp mark,“ segir Heimir.

### Mun blómstra með landsliðinu

Það hefur stundum verið sagt um Messi að hann sé vinsæll alls staðar í heiminum nema í heimalandi hans – Argentínu. Þar hefur hann oft verið gagnrýndur fyrir að spila ekki jafn vel og með Barcelona.

„Landslið Argentínu hefur verið í basli með þjálfaramál sín síðustu ár og ég held að það hafi ekki hjálpað Messi. En hann skoraði þrennu fyrir landsliðið gegn Sviss á dögunum og ég held að hann þurfi bara aðlögunartíma. Það kemur að því að hann springur út með landsliðinu,“ segir Heimir.

Messi verður 25 ára gamall 24. júní næstkomandi og gæti þess vegna spilað í áratug til viðbótar. Það er ótrúleg tilhugsun, miðað við þann fjölda marka sem hann hefur nú þegar skorað á ferlinum.

„Það eru allar forsendur fyrir því að hann verði enn frábær leikmaður eftir tíu ár. Þá verður hann búinn að slá öll met sem til eru í þeim keppnum sem hann tekur þátt í. Hann vantar aðeins sjö mörk upp á að slá markamet Barcelona sem segir allt sem segja þarf.“

eirikur@frettabladid.is



**ÖRUGGT HJÁ KR.** Robert Ferguson lék vel í DHL-höllinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## ÚRSLIT Í GÆR

*Iceland Express ka. í körfu*

**Njarðvík - Keflavík 95-93 (44-53)**

**Stig Njarðvíkur:** Travis Holmes 41 (12 frák./6 stoðs.), Maciej Baginski 15, Cameron Echols 15 (15 frák.), Elvar Már Friðriksson 10, Ólafur Helgi Jónsson 9, Oddur Birnir Pétursson 4, Páll Kristinsson 1.
**Stig Keflavíkur:** Charles Michael Parker 35, Jarryd Cole 25, Arnar Freyr Jónsson 19, Halldór Örn Halldórsson 5, Magnús Þór Gunnarsson 5, Valur Orri Valsson 3, Almar Stefán Guðbrandsson 1.

**KR - Tindastóll 84-66 (39-31)**

**Stig KR:** Joshua Brown 21, Dejan Sencanski 19, Robert Lavon Ferguson 18, Hreggviður Magnússon 9, Finnur Atli Magnusson 6 (11 frák.), Kristófer Acox 4, Emil Þór Jóhannsson 3, Martin Hermannsson 3, Jón Orri Kristjánsson 1.
**Stig Tindastóls:** Maurice Miller 23, Curtis Allen 14, Friðrik Hreinsson 8, Þröstur Leó Jóhannsson 6, Hreinn Gunnar Birgisson 5, Helgi Rafn Viggósson 5, Friðrik Stefánsson 3, Igor Tratnik 2.

**Haukar - Valur 97-74 (49-32)**

**Stigahæstir:** Chavis Holmes 27, Christopher Smith 22, Emil Barja 16 (8 frák./8 stoðs.) - Marvin Jackson 18 (11 frák.), Kristinn Ólafsson 17, Benedikt Blöndal 13, Birgir Björn Pétursson 12.

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Grindavík** | **18** | **17** | **1** | **1641-1419** | **34** |
| KR | 19 | 12 | 7 | 1679-1609 | 24 |
| **Stjarnan** | **18** | **12** | **6** | **1569-1472** | **24** |
| Þór Þ. | 18 | 12 | 6 | 1545-1447 | 24 |
| **Keflavík** | **19** | **12** | **7** | **1716-1603** | **24** |
| Snæfell | 18 | 9 | 9 | 1687-1605 | 18 |
| **Tindastóll** | **19** | **9** | **10** | **1578-1652** | **18** |
| Njarðvík | 19 | 9 | 10 | 1608-1622 | 18 |
| **ÍR** | **18** | **7** | **11** | **1581-1665** | **14** |
| Fjölnir | 18 | 7 | 11 | 1536-1638 | 14 |
| **Haukar** | **19** | **5** | **14** | **1483-1567** | **10** |
| Valur | 19 | 0 | 19 | 1444-1768 | 0 |

*Evrópudeildin í fótbolta*

**16 LIÐA ÚRSLIT, FYRRI LEIKUR**

**Sporting Lisboa - Manchester City 1-0**
1-0 Xandao (51.).
**Manchester United - Athletic Bilbao 2-3**
1-0 Wayne Rooney (22.), 1-1 Fernando Llorente (44.), 1-2 Oscar De Marcos (72.), 1-3 Iker Muniain (88.), 2-3 Wayne Rooney, víti (90.+2)
**Atlético Madrid - Besiktas 3-1**
1-0 Eduardo Salvio (24.), 2-0 Salvio (27.), 3-0 Adrian Lopez (37.), 3-1 Simão Sabrosa (53.).
Metalist Kharkiv - Olympiakos 0-1
Twente - Schalke 04 1-0
**AZ Alkmaar - Udinese 2-0**
1-0 Martens (63.), 2-0 Falkenburg (84.). Jóhann Berg Guðmundsson kom inn á 74. mínútu.
**Standard Liege - Hannover 96 2-2**
0-1 Lars Stindl (22.), 1-1 Yoni Buyens (27.), 2-1 Mohamed Tchité (30.), 2-2 Mame Biram Diouf (56.) Birkir Bjarnason sat á bekknum.
**Valencia - PSV 4-2**



**HÆLSPYRNAN** Xandao skorar hér með hælnum framhjá Joe Hart í gær. MYND/AP

MIKIÐ ÚRVAL BÍLA Á TILBOÐI!
VIÐ ERUM Á TVEIMUR STÖÐUM:
KLETTHÁLSI 11 og EIRHÖFÐA (Bílakjarninn)
525 8000
www.bilaland.is
bílaland
ENNEMM / SÍA / NM51004




| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Föstud. | 16.mars | 20:00 ö | Laugard. | 24. mars | 20:00 ö | Mánud. | 26. mars | 14:00 |
| Laugard. | 17.mars | 20:00 ö | Sunnud. | 25. mars | 20:00 | Laugard. | 31.mars | 20:00 |

**Síðustu sýningarnar á þessu leikári!**

Miðasala á gamlabio.is og á midi.is

Símanúmer í miðasölu: 563 4000 (Opið alla daga milli 14:00 og 18:00 og lengur á sýningarkvöldum)

> **Stöð 2 kl. 19.45**

**Týnda kynslóðin**

***Björn Bragi og Þórunn Antonía stýra fjörugum þætti af Týndu kynslóðinni á Stöð 2 í kvöld. Aðalgestur þáttarins er leikarinn Þorvaldur Davíð Kristjánsson sem leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni Svartur á leik. Hann vakti ungur athygli fyrir hæfileika sína á leiksviðinu og er nú útskrifaður frá virtasta listaháskóla Bandaríkjanna og sestur að í stjörnuborginni Los Angeles.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR HEFUR ÁHYGGJUR

# *Eitthvað angrar Angelu mína*



Claire Danes hefur átt sérstakan stað í hjarta mér allt frá því hún lék hina angurværu Angelu í unglingaþáttunum My So-Called Life, árið 1994. Eitthvað við þessa dreymnu stúlku með rauðlitað hárið snerti í mér streng þá og allar götur síðan, hvernig hún hallar iðulega undir flatt og virðist byrgja eitthvað óuppgert innra með sér.

Mig rak því í rogastans þegar ég horfði á fyrsta þátt Homeland á Stöð 2 um daginn. Þar er engin angurværð á ferðinni heldur leikur Claire CIA fulltrúa sem virðist ekki ganga heill til skógar. Ágeng og óþolinmóð með æðisglampa í augum tortryggir hún ameríska hermanninn, Brody, sem finnst á lífi eftir átta ára fangavist í Írak. Hún spilar ekki eftir reglunum og svífst einskis til að ná fram því sem hún vill. Hún hellir í sig pillum, stundar barina á kvöldin og hörkuleg hrukkan milli augnanna á ekkert skylt við dreymandi andlit Angelu sem mér þótti svo vænt um. Ég sat þó sem límd. Þrátt fyrir að persóna Claire sé ágengari og ósvífnari en ég átti von á virðist hún þó birgja eitthvað óupppgert innra með sér, aumingja stúlkan. Ég verð að komast að því hvað það er.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og glorίur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Sólskinshestur **15.25** Vinnustofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Á Búsúkíslóðum **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.16** Litla flugan **23.00** Glæta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.50 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**17.20 Leó** (20:52)
**17.23 Músahús Mikka** (71:78)
**17.50 Óskabarnið** (8:13)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Andraland** (1:7) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Gettu betur** (3:7) Spurningakeppni framhaldsskólanna. Menntaskólinn við Hamrahlíð og Borgarholtsskóli eigast við í átta liða úrslitum. Spyrill er Edda Hermannsdóttir, dómarar og spurningahöfundar Þórhildur Ólafsdóttir og Örn Úlfar Sævarsson.
**21.15 New York-sögur** (New York Stories) Bandarísk bíómynd frá 1989. Hér eru sagðar þrjár sögur úr stórborginni: af miðaldra myndlistarmanni sem er yfir sig hrifinn af ungri aðstoðarkonu sinni, af bráðþroska barni og taugaveikluðum lögfræðingi. Meðal leikenda eru Woody Allen, Nick Nolte, Mia Farrow og Rosanna Arquette.
**23.20 Lewis – Bráðabani** (Lewis: Your Sudden Death Question) Bresk sakamálamynd þar sem Lewis lögreglufulltrúi í Oxford glímir við dularfullt sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.55 Olnbogabörn** (El orfanato) Mexíkósk/spænsk bíómynd frá 2007. Kona flyst með fjölskyldu sína á æskuheimili sitt og lætur sig dreyma um að opna þar hæli fyrir munaðarlaus börn. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**02.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Bride Wars**
**10.00 Mr. Woodcock**
**12.00 Open Season 2**
**14.00 Bride Wars**
**16.00 Mr. Woodcock**
**18.00 Open Season 2**
**20.00 You Again**
**22.00 Jesse Stone: Thin Ice**
**00.00 Capturing Mary**
**02.00 The Prophecy 3**
**04.00 Jesse Stone: Thin Ice**
**06.00 Gray Matters**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (45:175)
**10.15 Covert Affairs** (6:11)
**11.00 Hell's Kitchen** (4:15)
**11.45 Human Target** (5:12)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Marley & Me** Hugljúf og rómantísk gamanmynd sem skartar þeim Jennifer Aniston og Owen Wilson í hlutverkum hjóna sem taka þá afdrifaríku ákvörðun að fá sér hvolp. Við fáum svo að fylgjast með hjónabandinu þróast og hundinum Marley eldast en hann verður ekki auðveldari í umgengni.
**14.55 Friends** (23:24)
**15.20 Sorry I've Got No Head**
**15.50 Tricky TV** (10:23)
**16.15 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (5:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (23:23)
**19.45 Týnda kynslóðin** (26:40)
**20.10 Spurningabomban** (7:10)
**20.55 American Idol** (17:40)
**22.20 Shallow Hal** Gamanmynd, uppfull af rómantík og dramatík. Hal Larson er vel uppalinn og fylgir ráðum föður síns og fer bara á stefnumót með gullfallegum konum. Dag einn hittir hann andlegan leiðtoga og er dáleiddur til að sjá innri fegurð kvenna.
**00.15 Fast Food Nation**
**02.10 My Blueberry Nights** Rómantísk og hugljúf mynd um unga konu sem leggur upp í ferð þvert yfir Bandaríkin til að leita að tilgangi ástarinnar og á leiðinni hittir hún ýmsa kynlega kvisti sem hafa áhrif á hana. Meðal leikara eru Norah Jones, Jude Law, Natalie Portman, Tim Roth, Rachel Weisz og David Strathairn.
**03.45 Marley & Me**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Sporting - Man. City** Útsending frá leik í 16 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.
**16.05 Standard - Hannover** Útsending frá leik S 16 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.
**17.50 Evrópudeildarmörkin**
**18.40 Þýski handboltinn: RN Löwen - Magdeburg** BEINT Guðmundur Guðmundsson þjálfar Rhein-Neckar Löwen.
**20.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**21.00 La Liga Report**
**21.30 Man. Utd. - Athletic Bilbao** Útsending frá í 16 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.
**23.15 RN Löwen - Magdeburg**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.30 Sunnudagsmessan**
**16.50 Man. City - Bolton**
**18.40 Wigan - Swansea**
**20.30 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.00 Premier League Preview**
**21.30 Premier League World**
**22.00 PL Classic Matches: Arsenal - Leeds**
**22.30 Premier League Preview**
**23.00 WBA - Chelsea**

## 2 EXTRA

**18.35 The Doctors** (66:175)
**19.20 The Amazing Race** (3:12)
**20.05 Friends** (8:24)
**20.30 Modern Family** (8:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 How I Met Your Mother** (4:24)
**22.20 American Idol** (18:40)
**23.05 Alcatraz** (5:13)
**23.50 NCIS: Los Angeles** (12:24)
**00.35 Týnda kynslóðin** (26:40)
**01.00 Friends** (8:24)
**01.25 Modern Family** (8:24)
**01.50 The Doctors** (66:175)
**02.30 Fréttir Stöðvar 2**
**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (7:12) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (7:22) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Solsidan** (5:10) (e)
**12.25 Game Tíví** (7:12) (e)
**12.55 Pepsi MAX tónlist**
**16.00 7th Heaven** (15:22)
**16.45 America's Next Top Model**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 The Good Wife** (6:22) (e)
**19.10 America's Funniest Home Videos**
**19.35 Got to Dance** (2:15) Hæfnisprufurnar eru hafnar og umsækjendur mæta á staðinn og reyna að hljóta náð fyrir augum dómaranna þriggja.
**20.25 Minute To Win It** Keppendur sem þekkjast ekki þurfa að taka höndum saman.
**21.10 Minute To Win It**
**21.55 HA?** (24:31) Íslenskur skemmtiþáttur með spurningaívafi. Gestir kvöldsins að þessu sinni eru þeir Villi Naglbítur, Sveppi og Gunnar Sigurðsson á Völlum.
**22.45 Jonathan Ross** (16:19)
**23.35 Once Upon A Time** (9:22) (e)
**00.25 Flashpoint** (10:13) (e)
**01.15 Jimmy Kimmel** (e)
**02.00 Jimmy Kimmel** (e)
**02.45 Whose Line is it Anyway?** (22:39) (e)
**03.10 Smash Cuts** (31:52) (e)
**03.35 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** World Golf Championship 2012 (1:4) **12.10** Golfing World **12.55** Ryder Cup Official Film 1995 **13.45** Presidents Cup Official Film 2011 (1:1) **14.35** Inside the PGA Tour (10:45) **15.00** World Golf Championship 2012 (1:4) **18.00** World Golf Championship 2012 (2:4) **23.00** PGA Tour - Highlights (9:45) **23.55** ESPN America

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**06.20** The Vicar of Dibley **07.20** Jane Eyre **08.15** New Tricks **09.05** Come Dine With Me **09.55** My Family **11.25** Come Dine With Me **12.15** My Family **13.15** The Vicar of Dibley **15.45** QI **16.45** The Best of Top Gear **17.35** Live at the Apollo **18.20** Come Dine With Me **19.10** QI **20.10** Derren Brown: How To Be A Psychic Spy **21.00** Live at the Apollo **21.45** Peep Show **22.15** Live at the Apollo **23.00** The Vicar of Dibley **00.30** Jane Eyre **01.20** New Tricks **02.10** Live at the Apollo **03.40** Peep Show **04.05** Live at the Apollo

## DR 1

**11.10** Jersild Live **11.35** Dyrehospitalet **12.05** Ha' det godt **12.35** Aftenshowet **13.30** Sømanden & Juristen - historier fra et hospice **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Maggies nye liv **15.00** Dyk Olli dyk **15.15** Timmy-tid **15.25** Der var engang.... **16.00** Lægerne **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Hammerslag **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** X Factor Afgørelsen **20.55** Jeg erklærer jer nu for Chuck og Larry **22.35** After Sex

## NRK 1

**10.05** Toralv fra Maurstad **10.45** V-cupfinale kombinert **12.00** NRK nyheter **12.05** VM skiskyting **12.40** V-cup hopp kvinner **14.00** VM skiskyting **16.00** NRK nyheter **16.10** V-cupfinale kombinert **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.40** Norge rundt **19.05** VM-kveld fra Ruhpolding **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Sporløst forsvunnet **22.05** Kveldsnytt **22.20** Game of Thrones **23.15** Tungrockens historie **23.55** Elskerinner

## svt1

**09.00** Genialt eller galet **09.20** Alpint **10.30** Plus **11.30** Bästa frisören **12.20** Alpint **13.30** Stoppa könsstympningen! **13.45** Anslagstavlan **13.50** Antikrundan **14.50** Rapport **14.55** Friidrotts-VM inomhus **16.20** Freestyle **16.45** Friidrotts-VM inomhus **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Minuten **20.00** Skavlan **21.00** Baby Mama **22.35** Rapport **22.40** Kulturnyheterna **22.45** Aldrig i livet **00.20** Rapport **00.25** Game of Thrones

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |


Einn ástsælasti leikari þjóðarinnar Sigurður Sigurjónsson var handtekinn í apóteki Grindavíkur með ofurskammt af Víagra á fimmta tímanum í gær.

# Stórleikari með ofurskammt af Víagra handtekinn í Grindavík



**Auglýsing** "Það er skelfilegt að þessi frægi leikari komi og taki allan lyfjaskammtinn frá okkur heimamönnum", sagði einn eftirlaunaíbúi í Grindavík í samtali við fréttastofu.

Þessi handtaka kemur á mjög slæmum tíma þar sem Sigurður er á ferð og flugi um landið með leiksýninguna Afann sem hefur slegið rækilega í gegn í Borgarleikhúsinu. Fréttastofa náði tali af Sigurði sem viðurkennir að hann hafi beðið lækni sinn um að símsenda fyrir sig lyfseðil í Lyfju í Grindavík, en vildi ekki ræða frekar um hvaða lyf væri að ræða. Aðspurður um hvort að hann hafi verið að ná sér í Viagra svarar Sigurður því hvorki játandi né neitandi, það sé hans prívat mál. Sigurður bætti þó við að allir hafi rétt á að lifa "fjörugu lífi" sama á hvaða aldrei þeir eru og að inntaka Viagra eða annarra löglegra örvandi efna séu ekki neitt til að skamast sín fyrir. Hann hafi heyrt af því að sumir þurfi á stærri skömmtum að halda en aðrir. Meira vildi hann ekki tjá sig um málið. Að sögn lyfjafræðings við apótekið í Grindavík var starfsfólkinu þar boðin áfallahjálp, sem engin hafði þó nýtt sér þegar blaðið fór í prentun. "Það er uggur í mönnum" sagði einn 75 ára gamall fyrrum starfsmaður Saltfisksafnins í Grindavík, en hann vildi ekki tjá sig frekar um málið.

Ekki er vitað hvort að handtakan muni hafa einhverjar afleiðingar í för með sér en ljóst er að miklar varúðarráðstafanir verða gerðar á landsbyggðinni þar sem leiksýningin Afinn er vætanleg.

Framleiðendur sýningarinnar hafa í kjölfarið sent út viðvörun til eftirfarandi bæjarfélaga þar sem sýningin verður sýnd: Húsavík, Vopnafirði, Egilsstöðum, Akureyri, Ólafsvík, Vestmannaeyjum, Selfossi og Bolungarvík. Ennig eru eigendur og rekstraraðilar apóteka á þessum stöðum beðnir um að hengja upp myndir af Sigurði Sigurjónssyni í apótekum sínum þannig að strax verði hægt að bregðast við svo svipað atvik og gerðist í Grindavík endurtaki sig ekki.

# VORTILBOÐ

**25-50%**
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

*Smíðum raf-magnsrúm í öllum stærðum!*

## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 25% afslætti.**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**



Rúm Gott

**Öllum fermingarrúmum fylgir dýnuhlíf, lak og sængurver.**

**Gjafapakki að verðmæti kr. 17.500,-**

## FERMINGARTILBOÐ

Á HEILSURÚMUM - VERÐ 120X200 FRÁ KR. 79.442

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM



*„Það er High Life með Daft Punk. Franskt hús eins og það gerist best.“*

Steve Sampling, raftónlistarmaður.

# Djúpið til Berlínar og Köben

Leikritið Djúpið verður frumsýnt í Berlín á laugardaginn og í Kaupmannahöfn á mánudaginn. Leikararnir Urs Jucker og Carsten Bjørnlund fara þar með sama hlutverk og Ingvar E. Sigurðsson lék í íslensku uppfærslunni sem var sýnd í Borgarleikhúsinu í tæp tvö ár.

„Það er frábært að vera á þessum stöðum, sérstaklega í Berlín því þetta er virtasta leikhús Evrópu. Það er þarna sem hlutirnir gerast,“ segir höfundurinn Jón Atli Jónasson og á við leikhúsið Schaubühne. Þar verður leikritið hluti af hinni árlegu hátíð F.I.N.D. þar sem tekin eru fyrir ný og spennandi alþjóðleg leikrit.

Verkið var heimsfrumsýnt árið 2009 í leikhúsinu Oran Mor í Glasgow þar sem Liam Brennan lék aðalhlutverkið. Fram undan eru fleiri sýningar erlendis, þar á meðal í Svíþjóð og hugsanlega í Færeyjum. Leikritið er óður til þeirra íslensku sjómanna sem hafa í gegnum aldirnar haldið á djúpið.

„Við vildum bíða frekar eftir því að fá rétta leikara í aðalhlutverkin heldur en að æða af stað. Það getur ekki hver sem er leikið þetta hlutverk og þess vegna höfum við verið rólegir í tíðinni,“ segir Jón Atli, sem verður viðstaddur frumsýningarnar í Berlín og Kaupmannahöfn. **- fb**



**JÓN ATLI OG INGVAR** Jón Atli Jónasson, höfundur Djúpsins, verður viðstaddur frumsýningarnar í Berlín og Kaupmannahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Þáttastjórnandinn og grínistinn Sólmundur Hólm varð tveggja barna faðir í gær. Eiginkona hans, Elín Anna Steinarsdóttir, fæddi dreng í gærmorgun en móður og barni heilsast vel. Fyrir eiga þau hjónin soninn Matthías sem er fjögurra ára gamall og því væntanlega mikið stuð á heimilinu fram undan. **- áp**









**GOTT SAMSTARF** Helgi Björnsson og John Grant við upptökurnar á laginu Finish on Top.

JOHN GRANT: ÞAÐ VAR VIRKILEGA SVALT AÐ VINNA MEÐ HELGA

# John Grant og Helgi Björns sömdu lagið Finish on Top

„Það var virkilega svalt að vinna með Helga,“ segir bandaríski tónlistarmaðurinn John Grant.

Hann og Helgi Björnsson hafa nýlokið við að semja lagið Finish on Top. Það verður spilað í þættinum Hljómskálinn í Sjónvarpinu á laugardaginn. Þar verður umfjöllunarefnið sveitaböll á Íslandi og eru bæði Helgi og Grant á meðal viðmælenda.

Samstarfið átti sér stuttan aðdraganda. Kiddi, gítarleikari í Hjálmum og einn umsjónarmanna Hljómskálans, hafði samband við Helga síðasta laugardag og spurði hvort hann og félagar hans í SS Sól vildu starfa með einhverjum í þættinum. Helgi stakk óvænt upp á Grant og fékk hann til samstarfs við sig í gegnum Stephan Stephensen úr GusGus. Þar eru hæg heimatökin því Grant er að vinna með Bigga

> Við hlógum mikið saman
>
> JOHN GRANT

Veiru úr GusGus að næstu plötu sinni eins og Fréttablaðið hefur greint frá.

„Helgi, President Bongo [Stephan Stephensen] og ég fengum okkur kvöldmat og fórum síðan í hljóðverið hans Stebba til að semja textann. Ég var fljótur að semja nokkur textabrot og við fórum yfir þau saman til að sjá hvort þau pössuðu,“ segir Grant. „Næsta dag fórum við í hljóðver og tókum lagið upp. Það gekk ótrúlega auðveldlega fyrir sig og var mjög skemmtilegt. Það var virkilega þægilegt og gaman að vinna með Helga og við hlógum mikið saman.“

Helgi er einnig ánægður með samstarfið við þennan þekkta tónlistarmann. „Við Sólin vorum að djamma á þessu á laugardeginum á Akureyri í „sándtékki“. Svo hitti ég John á mánudeginum og við kláruðum lagið,“ segir Helgi. „Þetta var mjög skemmtilegt. Hann er rosa ljúfur strákur og þægilegur. Hann er auðvitað sprúðlandi „talent“ og við rúlluðum þessu upp.“ Lagið verður hugsanlega gefið út en það fer eftir viðbrögðunum sem það fær eftir sýningu þáttarins.

Mikil eftirvænting ríkir eftir næstu plötu Johns Grant en sú fyrsta, Queen of Denmark, var kjörin plata ársins 2010 af breska tónlistartímaritinu Mojo. Grant hefur tvívegis spilað hér á landi og heldur eina tónleika til viðbótar í Háskólabíói í júlí.

**freyr@frettabladid.is**

# Mest sótti bókamarkaðurinn

„Þetta er besti bókamarkaður sögunnar. Það hefur aldrei gengið jafnvel og nú,“ segir Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda.

Hinn árlegi bókamarkaður í Perlunni hefur gengið vonum framar og hafa bókhneigðir Íslendingar flykkst þangað að undanförnu. Markaðurinn hófst 24. febrúar og stendur yfir fram á sunnudag. „Það er búið að selja upp um tvö hundruð titla. Þetta eru titlar sem koma ekkert aftur.“ Kristján nefnir sem dæmi að 760 titlar hafi verið í Bókatíðindum í fyrra og því sé þessi sala um þriðjungur af því. „Við erum mjög ánægð með þetta.“

Þegar best hefur látið hafa um tíu þúsund manns komið á markaðinn á dag. Fram til þessa voru árin 2008 og 2009 þau bestu. Salan minnkaði næstu tvö árin á eftir en hefur komið sterk inn núna.

Að sögn Kristján hefur stór bók um Kjarval gengið mjög vel auk þess sem bókin Líf mitt með Mozart eftir Eric-Emmanuel Schmitt hefur selst í þrjú til fjögur hundruð eintökum. Telur hann að umfjöllun um bókina í sjónvarpsþættinum Kiljunni hafi hjálpað þar mikið til. Fræðibækur hafa einnig verið óvenju vinsælar í ár en í staðinn hefur dregið úr áhuga á ævisögum. **- fb**



**ÁNÆGÐUR** Kristján B. Jónasson er mjög ánægður með áhuga Íslendinga á bókamarkaðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ÓUMFLÝJANLEGT FRAMHALD PABBANS

SIGGI SIGURJÓNS ER

# AFINN

HÖFUNDUR OG LEIKSTJÓRI:
BJARNI HAUKUR ÞÓRSSON

★★★★

„Sigurður Sigurjónsson er dásamlegur leikari og sýnir það hér enn og aftur“
JVJ, DV.

„Það er dauður maður sem ekki hlær að Sigurði Sigurjónssyni þegar hann gerir það sem hann kann svo vel“
SA, TMM.

„Skemmtileg sýning sem á örugglega eftir að kitla hláturtaugar áhorfenda um nokkurt skeið“
IÞ, Mbl.

„Hlýlegur og fyndinn einleikur þar sem Sigurður Sigurjónsson gefur á einlægan hátt úr eigin ranni“
EB, Fbl.

„Ávísun á notarlega kvöldstund“
KHH, Fréttatíminn



50 uppseldar sýningar

## Afinn með Sigurði Sigurjónsyni á leið um landið!

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 17. mars | kl. 20 | **Húsavík, Fosshótel** | 19. apríl | kl. 20 | **Ólafsvík, Klifi** |
| 23. mars | kl. 20 | **Vopnafjörður, Mikligarður** | 21. apríl | kl. 21 | **Leikfélag Akureyrar** |
| 24. mars | kl. 19 | **Egilsstaðir, Valaskjálf** | 22. apríl | kl. 20 | **Leikfélag Akureyrar** |
| 12. apríl | kl. 20 | **Leikfélag Akureyrar** | 27. apríl | kl. 20 | **Vestmannaeyjar, Höllinn** |
| 13. apríl | kl. 19 | **Leikfélag Akureyrar** | 11. maí | kl. 20 | **Selfoss, Hótel Selfoss** |
| 13. apríl | kl. 21.30 | **Leikfélag Akureyrar** | 18. maí | kl. 20 | **Bolungarvík , Félagsheimilið** |

THORSSON PRODUCTIONS TP

Miðasala á midi.is

Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Bætist í titlaflóruna

Enn bætist í titlasafn Þorbjargar Marinósdóttur, eða **Tobbu Marinós** eins og hún er betur þekkt. Tobba hefur í gegnum tíðina verið titluð sem rithöfundur, deitdrottning, fjölmiðlakona, vefstjóri, kynningarfulltrúi og nú fyrir skemmstu var hún gerð að markaðsstjóra Skjásins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er óvíst hvort Tobba muni áfram sinna starfi vefstjóra og kynningarstjóra Skjásins samhliða nýja starfinu. En víst er að Tobba mun þó áfram hafa nóg fyrir stafni enda er stúlkan ekki þekkt fyrir að sitja auðum höndum.



### Ógegnsæjar styrkveitingar

Menningar- og ferðamálaráð samþykkti nýlega nokkra fjárstyrki til ýmissa verkefna. Þar fá til dæmis Kvikmyndafélag Íslands 300 þúsund króna styrk vegna Stuttmyndadaga í Reykjavík og sömu upphæð fær söngkonan Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, betur þekkt sem **Lay Low**. Erfitt er fyrir utanaðkomandi að leggja mat á rökin fyrir styrkveitingunum þar sem ferlið við úthlutunina er ekki alveg gegnsætt því menningarsvið borgarinnar hafnar því að afhenda afrit umsókna styrkþeganna. Ástæðan er sögð sú að í þeim komi fram hugmyndir listamanna um verkefni sem oft á tíðum séu enn á vinnslustigi og varin höfundarrétti.



**-sm, gar**

### Mest lesið vísir

1. Norðmenn óttast risavaxna flóðbylgju í Storfjorden
2. Mjög öflugur sólstormur skellur á jörðinni
3. Hlátrasköll í dómssal
4. "Pabbi, þú ert aldrei heima nema á morgnana"
5. Hreiðari heitt í hamsi





